



## **Endurheimtum landið!**

Teboðshreyfingin og orðræða frambjóðenda  
Repúblikanaflokksins

Kristín Gestsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Endurheimtum landið!**  
***Teboðshreyfingin og orðræða frambjóðenda Repúblíkanaflokksins***

Kristín Gestsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði  
Leiðbeinandi: Jón Gunnar Ólafsson

Stjórn málafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Kristín Gestsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Í ársbyrjun 2009, í kjölfar mikils umróts í bandarískum stjórnmálum, spratt fram ný hreyfing á hængri væng stjórnmálanna; hin svokallaða Teboðshreyfing. Hefur hún beitt sér af hörku gegn auknum umsvifum alríkisins og fyrir ýmsum íhaldssömum gildum. Hreyfingin hefur ekki viljað stofna sérstakan stjórnmálaflokk og kljúfa þar með fylgi hægrimanna í Bandaríkjunum í tvennt, heldur kosið að starfa sem einskonar þrýstihópur innan Repúblikanaflokksins. Markmið þessarar ritgerðar er að athuga hvort að greina megi orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar í orðræðu á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins og ef svo er, að hvaða leyti. Gerð verður grein fyrir þeim pólitíska jarðvegi sem hreyfingin spratt upp úr og hún í framhaldinu skilgreind og staðsett innan bandarískra stjórnmála. Einblínt er á að skoða orðræðu tengda félagslegum álitamálum eins og fóstureyðingum og hjónaböndum samkynhneigðra sem og orðræðu tengdri hinu umdeilda heilbrigðisfrumvarpi Barack Obama. Ummæli áberandi talsmanna Teboðshreyfingarinnar um þessi mál, þeirra Söruh Palin, Michele Bachmann og Ron Paul eru skoðuð og borin saman við ummæli forsetaframbjóðandans Mitt Romney. Komist er að þeirri niðurstöðu að greina megi orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins. Þó svo að slík orðræða sé ekkert nýnæmi á meðal repúblikana virðist tilkoma hreyfingarinnar hafa magnað mikilvægi þessara mála í aðdraganda kosninganna og kynt undir aukinni íhaldssemi innan flokksins.

## **Formáli**

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA prófs í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi í stjórn málafræði. Leiðbeinandi minn var Jón Gunnar Ólafsson og kann ég honum mínar bestu þakkir fyrir frábæra leiðsögn og gott samstarf. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir yfirlestur á ritgerðinni og hvatningu við skrifin.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
Formáli .....	4
Efnisyfirlit .....	5
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2 Bandarísk stjórnsmál .....</b>	<b>9</b>
2.1 Saga flokkakerfisins .....	9
2.2 Bandarískir stjórnsmálaflokkar í dag .....	13
<b>3 Teboðshreyfingin.....</b>	<b>19</b>
3.1 Teboðshreyfingin verður til.....	19
3.2 Hverjir mynda Teboðshreyfinguna?.....	21
3.3 Hugmyndafræði, helstu stefnumál og orðræða innan Teboðshreyfingarinnar .....	26
<b>4 Orðræða frambjóðenda.....</b>	<b>30</b>
4.1 Forkosningar Repúblikanaflokksins 2012.....	31
4.2 Félagsleg álitamál.....	32
4.2.1 Að vera fylgjandi lífi - Fóstureyðingar .....	32
4.2.2 „Varðandi fóstureyðingar, þá skipti ég um skoðun“ - Romney og fóstureyðingar .....	35
4.2.3 Hin „hefðbundnu fjölskyldugildi“ - Hjónabönd samkynhneigðra .....	36
4.2.4 Romney og hjónabönd samkynhneigðra.....	39
4.3 „Obamacare er glæpur gegn lýðræðinu“ – Heilbrigðisfrumvarp Obama.....	41
4.3.1 „Ef að ég er guðfaðirinn gefur það mér réttinn til að drepa það“ – Romney og Obamacare .....	45
<b>5 Umræður.....</b>	<b>47</b>
5.1 Telituð orðræða .....	47
<b>6 Lokaorð.....</b>	<b>51</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>53</b>

## 1 Inngangur

Árið 2009 var að mörgu leyti sögulegt ár fyrir Bandaríkin. Einn umdeildasti forseti Bandaríkjanna, repúblikaninn George W. Bush lét af embætti og demókratinn Barack Obama tók við, fyrstur blökkumanna. Á sama tíma sigldi landið inn í eina dýpstu efnahagskrísu síðari tíma. Mikið umrót var því í bandarísku stjórnmalalífi. Obama naut mikilla vinsælda á meðal almennings í upphafi kjörtímabilsins þó merkja hafi mátt óánægju á meðal repúblikana í kjölfar kjörs hans. Margir þeirra virtust ekkert sérlega ánægðir með hinn nýja forseta sem vildi auka umsvif alríkisins og að þeirra mati, „gjörbreyta“ Bandaríkjunum.<sup>1</sup>

Í ársbyrjun 2009 spratt upp úr þessu hrjóstruga pólitíska landslagi ný hreyfing á hægri væng stjórnmalanna. Þetta var hin svokallaða Teboðshreyfing (e. Tea Party). Meðlimir og áhangendur hennar lögðu fram margar mismunandi kröfur, en ein þeirra varð miðlæg í allri umræðu; krafan um að endurheimta landið (e. take the country back).<sup>2</sup> Sarah Palin, fyrrum varaforsetaframbjóðandi og einn öflugasti og mest áberandi talsmaður Teboðshreyfingarinnar, lýsti henni svo á landsfundi íhaldsmanna í upphafi árs 2012:

...Teboðshreyfingin reis upp því að Bandaríkjamenn vöknúðu. Hreyfingin okkar er stærri en ein manneskja, hún er stærri en einn frambjóðandi, hún er stærri en einn flokkur. Hún snýst um eitt land, sameinað undir guði. Við erum ekki rauðir Bandaríkjamenn, við erum ekki bláir Bandaríkjamenn, við erum, rauð, hvít og blá og Obama forseti, við viljum þig frá!<sup>3</sup>

Í stað þess að stofna sérstakan flokk og skipta þar með fylgi hægrimanna landsins á milli tveggja flokka hefur hreyfingin frekar kosið að starfa sem róttækur þrýstihópur hægrimanna innan Repúblikanaflokksins. Teboðshreyfingin hefur frá upphafi haft það að markmiði að færa flokkinn lengra til hægri, í átt að aukinni íhaldssemi og minni umsvifum alríkisins. Þar telja áhangendur Teboðshreyfingarinnar flokkinn eiga heima, og hvetja kjörna fulltrúa hans til að haga sér samkvæmt því.<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Angela Galloway, „Obama: We'll transform America,“ *seattlepi.com*, 11. desember 2007, <http://www.seattlepi.com/local/article/Obama-We-ll-transform-America-1258474.php> (sótt 20. mars 2012).

<sup>2</sup> Theda Skocpol og Vanessa Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism* (New York: Oxford University Press, 2012), 7.

<sup>3</sup> „...the Tea party rose up because Americans woke up. And our movement, it is bigger than one person, it is bigger than one candidate, it is bigger than one party. It's about one country united under god. We aren't red Americans, we're not blue Americans, we are red, white and blue and president Obama we are through with you!“ - Sarah Palin, inngangsræða á landsfundi íhaldsmanna (e. Conservative Political Action Conference), Washington, DC, 11. febrúar 2012, <http://www.youtube.com/watch?v=tXsrajvFGk8> (sótt 13. mars, 2012).

<sup>4</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 5.

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hvort að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina í orðræðu á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins og ef svo er, að hvaða leyti. Ljóst er flokkurinn hefur verið að færast lengra til hægri á síðustu misserum og því athyglisvert að skoða hversu stórt hlutverk Teboðshreyfingin hefur mögulega spilað í þeirri þróun. Til þess að svara þessu verður sérstakri athygli beint að því að greina orðræðu frambjóðenda Repúblikanaflokksins í aðdraganda forsetakosninganna árið 2012. Ljóst er að efnið er víðfeðmt; frambjóðendur flokksins voru fjölmargir og orðræðan tók á sig ýmsar myndir. Því verður sérstök áhersla lögð á að bera orðræðu Mitt Romney, sem nú er næsta öruggur með útnefningu flokksins sem forsetaefni hans, saman við orðræðu helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar, þeirra Söruh Palin, Michele Bachmann og Ron Paul í aðdraganda kosninganna. Palin var lengi vel orðuð við forsetaframboð en Bachmann og Paul buðu sig bæði fram. Romney hefur verið harðlega gagnrýndur af áhangendum hreyfingarinnar fyrir það að vera ekki nógu íhaldssamur og því er áhugavert að skoða hvort að hann hafi mögulega brugðist við þeirri gagnrýni með því að aðlaga orðræðu sína betur að áherslum þeirra. Höfuðáhersla verður lögð á að skoða orðræðu þessara fjögurra aðila í tengslum við tvo málaflokka. Annars vegar orðræðu þeirra varðandi áberandi félagsleg álitamál eins og fóstureyðingar og hjónabönd samkynhneigðra, hinsvegar orðræðu tengdri heilbrigðisfrumvarpi Obama, hinu svokallaða „Obamacare“. Mikilvægt er að rannsaka þau mögulegu áhrif sem Teboðshreyfingin hefur haft á orðræðu á meðal frambjóðenda flokksins, þá ekki síst ef að hún reynist vera farin að hafa áhrif á orðræðu forsetaframbjóðanda flokksins.

Til þess að geta sagt til um hvort að tilkoma Teboðshreyfingarinnar hafi mögulega litað orðræðuna innan Repúblikanaflokksins er nauðsynlegt að gera grein fyrir því hvernig landið liggur í stjórnámum vestanhafs. Á næstu síðum verður því farið í saumana á bandaríska flokkakerfinu, stjórnámúaflokkunum sjálfum og almennt á því umhverfi sem Teboðshreyfingin spratt upp úr. Auk þessa verða helstu hugtök sem tengjast þessari umræðu útskýrð. Í kaflanum þar á eftir verður Teboðshreyfingunni sjálfri gerð góð skil. Fjallað verður um upphaf hreyfingarinnar, hugmyndafræði hennar og helstu stefnumál og orðræða innan hennar kortlögð. Þá verður reynt að beina ljósi að því hverjir það eru sem drífa hreyfinguna áfram og helstu talsmenn hennar verða kynntir til sögunnar. Í köflunum þar á eftir verður orðræða þriggja helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar borin saman við orðræðu Mitt Romney, eins og áður segir, og ummæli þeirra notuð sem dæmi til að svara því hvort að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina á meðal frambjóðenda flokksins.



Stuðst verður við rannsóknir og skrif fræðimanna um efnið, en auk þess frétttaumfjöllun og ummæli stjórnmálamanna, ýmist í ræðu eða riti. Að lokum verður umræðukafli og lokaorð þar sem færð verða rök fyrir því, með hliðsjón af dæmunum í köflunum á undan, að skýr merki um orðræðu tengda Teboðshreyfingunni hafi mátt greina í orðræðu frambjóðenda Repúblíkanaflokksins í aðdraganda forsetakosninganna árið 2012.

## 2 Bandarísk stjórnsmál

Til þess að skilja eðli og stefnumál Teboðshreyfingarinnar og í framhaldinu geta skoðað hvort að greina megi orðræðu í anda hennar á meðal frambjóðenda repúblikana, er nauðsynlegt að gera grein fyrir því pólitíska umhverfi sem hreyfingin sprettur upp úr. Hér á eftir verður því fjallað um sögu og þróun hins bandaríska flokkakerfis; greint frá helstu áherslum og áhrifum flokkanna tveggja í gegnum tíðina og skoðað hvert þeir hafi sótt fylgi sitt. Þá verður gerð grein fyrir helstu hugtökum í bandarískum stjórnmálum og loks fjallað um bandaríska stjórnmálaflokka um og eftir aldamótin síðustu, ástandið innan þeirra og almennt um það hvernig landið liggur í bandarískum stjórnmálum í dag.

### 2.1 Saga flokkakerfisins

Hið bandaríska flokkakerfi er yfirleitt skilgreint sem tveggja flokka kerfi og hefur að mestu leyti verið þannig frá því að lýðveldið var stofnað.<sup>5</sup> Bandarísku stjórnmálaflokkarnir eru þó frekar lausir í reipunum og ganga sumir jafnvel svo langt að segja þá í raun ekki vera eiginlega stjórnmálaflokka.<sup>6</sup> Flokkarnir skipa vissulega mikilvægan sess í bandarískum stjórnmálum en hafa sjálfir í raun lítil bein áhrif. Þeir eru lítið skipulagðir og hafa til að mynda ekki stefnuskrár sem slíkar eins og tíðkast yfirleitt á meðal stjórnmálaflokka í vestrænum lýðræðisríkjum.<sup>7</sup> Þá hafa yfirstjórnir flokkanna að sama skapi lítil áhrif á almennt starf þeirra eins og stefnumótun, val á frambjóðendum og kosningaherferðir. Slíkt er frekar í höndum frambjóðenda flokkanna. Bandarísku flokkarnir starfa frekar sem óformleg samtök og virka sem einskonar þjónustuaðili við frambjóðendur sína.<sup>8</sup>

Þó svo að flestir kjósendur skilgreini sig sem annaðhvort „demókrata“ eða „repúblikana“ þýðir það í fæstum tilvikum að þeir séu eiginlegir meðlimir í flokkunum, enda er meðlimaskipulag innan þeirra með minnsta móti.<sup>9</sup> Fæstir kjósendur greiða til að mynda félagsgjöld eða eru á skrá sem sérstakir stuðningsmenn flokkanna. Segja má að bandarísku stjórnmálaflokkarnir samanstandi frekar af nokkrum hópum; þeim sem kjósa annan hvorn

---

<sup>5</sup> Richard S. Katz, *Political Institutions in the United States*, (New York: Oxford university press, 2007) 90 og Alan Grant, *The American Political Process*, 7. útg. (London: Routledge, 2004), 189.

<sup>6</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 88.

<sup>7</sup> Richard Maidment og Anthony McGrew, *The American Political Process*, 2. útg. (London: SAGE Publications Ltd, 1991), 116.

<sup>8</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 88.

<sup>9</sup> Sama heimild, 89.

flokkinn í kosningum, skráðum meðlimum þeirra, virkum þátttakendum í flokkastarfinu og leiðtogum flokkanna.<sup>10</sup>

Stofnfeður Bandaríkjanna (e. The Founding Fathers), þá sérstaklega þeir George Washington og John Adams, voru mótfallnir flokkadráttum og mæltu alfarið gegn þeim við stofnun Lýðveldisins. Til að mynda taldi Washington slíkt valda sundurlyndi og óeiningu og vera, hreint út sagt, skaðlegt samfélaginu.<sup>11</sup> Stjórnámálamenn tóku þó fljótt að skipa sér í hópa enda þótti vænlegra að mynda bandalag með öðrum skoðanabræðrum til þess að hafa áhrif, þá sérstaklega til þess að hafa áhrif á það hver færi með forsetavaldið.

Þó svo að flokkakerfið hafi alla tíð verið tveggja flokka kerfi þýðir það þó ekki að aðeins tveir flokkar hafi verið starfandi í landinu á hverjum tíma. Aðrir flokkar, sem og sjálfstæðir frambjóðendur, hafa komið fram á sjónarsviðið og haft áhrif á stjórn málin hverju sinni en enginn þeirra hefur náð að skáka stóru flokkunum tveimur.<sup>12</sup> Þetta má að einhverju leyti rekja til þess kosningakerfis sem notast er við í Bandaríkjunum. Þar er ekki notast við hlutfallskosningar, líkt og algengt er í Evrópu, heldur einfalt meirihlutakerfi (e. simple plurality) og einmenningskjördæmi (e. single member constituencies). Þannig vinnur sá flokkur eða frambjóðandi sem flest atkvæði hlýtur allt kjördæmið. Segja má að þetta kerfi hygli þeim ráðandi flokkum sem fyrir eru á kostnað smærri flokka og sjálfstæðra frambjóðenda.<sup>13</sup> Aðrir flokkar, sem og sjálfstæðir frambjóðendur, geta unnið mikið fylgi á landsvísu en hljóta sjaldnast meirihluta atkvæða í kjördæmunum. Þetta kosningakerfi getur þannig líka haft sálfræðileg áhrif á kjósendur. Sumir þeirra greiða ekki þeim flokki, eða frambjóðanda, sem þeir hefðu helst kosið atkvæði sitt, heldur þeim stórflokki sem næst þeim er í afstöðu. Þetta gera þeir vegna þess að þeir telja ekki líklegt að þeirra fyrsta val vinni kjördæmið og vilja því ekki kasta atkvæði sínu á glæ.<sup>14</sup> Nær ómögulegt er því fyrir aðra flokka eða sjálfstæða frambjóðendur að vinna repúblikana eða demókrata í kosningum.<sup>15</sup>

Flokkakerfið sjálft hefur þó þróast töluvert í gegnum tíðina og það kerfi sem nú er við líði er í raun hið þriðja frá upphafi.<sup>16</sup> Fyrsti skipulagði flokkurinn á landsvísu var flokkur sambandssinna (e. Federalists). Hann var stofnaður árið 1794, undir handleiðslu Alexander

---

<sup>10</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 183-184.

<sup>11</sup> Maidment og McGrew, *The American Political Process*, 2. útg., 115.

<sup>12</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 90-91.

<sup>13</sup> Paul R. Abramson, John H. Adlrich, Phil Paolino og David W. Rohde, „Third-Party and Independent Candidates in American Politics: Wallace, Anderson and Perot,“ *Political Science Quarterly*, 110, nr. 3 (1995) 352 og Alan Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 195.

<sup>14</sup> Abramson o.fl., „Third-Party and Independent Candidates in American Politics: Wallace, Anderson and Perot,“ 353.

<sup>15</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 195.

<sup>16</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 91.

Hamilton og börðust sambandssinnar fyrir sterku miðlægu ríkisvaldi (e. strong federal government). Pólitískur andstæðingur sambandssinna var flokkur demókratískra repúblikana (e. Democratic Republicans). Leiðtogi þeirra var Thomas Jefferson og flokkurinn var skipaður áhrifamönnum úr landbúnaðar- og viðskiptastéttum landsins. Flokkur sambandssinna varð ekki langlífur og leið undir lok á öðrum áratug 19. aldar. Tók þá við stutt tímabil þar sem flokkur demókratískra repúblikana var eini ríkjandi flokkurinn. Árið 1832 klofnaði þó flokkurinn og til urðu Demókrataflokkurinn og flokkur Vigga (e. Whigs).<sup>17</sup> Upp úr 1850 tóku deilur um þrælalald að hafa gífurleg áhrif á stjórnsmál í landinu og leiddu þær næstum til þess að Bandaríkin liðuðust í sundur. Ekki varð úr því, en deilurnar leiddu þó að lokum til þess að Viggar lögðu upp laupana og Demókrataflokkurinn klofnaði að nýju.<sup>18</sup>

Árið 1854 var Repúblikanaflokkurinn stofnaður og átti hann í upphafi góðu gengi að fagna í norðanverðum Bandaríkjunum. Flokkurinn barðist gegn þrælalaldi og varð fljótlega málsvari umsvifamikilla viðskipta og iðnaðar.<sup>19</sup> Demókrataflokkurinn átti á þessum tíma við nokkurn vanda að stríða enda þurfti hann að reyna að samþætta hagsmuni stuðningsmanna sinna úr röðum íhaldssamra, auðugra Suðurríkjamanna annarsvegar og smábænda í vestri hinsvegar.<sup>20</sup> Repúblikanaflokkurinn stóð sterkari fótum og forsetar þessa tíma komu aðallega úr röðum hans.<sup>21</sup> Á árunum eftir borgarastríðið óx Demókrataflokknum fiskur um hrygg og árin 1876-1896 börðust flokkarnir tveir um yfirráð yfir þinginu og forsetaembættinu. Frá árinu 1896 til ársins 1932 voru Repúblikanar leiðandi á stjórnsmálasviðinu. Á þeim tíma festi flokkurinn sig í sessi sem flokkur íhaldsmanna og sem málsvari viðskiptalífsins.<sup>22</sup>

Miklar breytingar urðu á stuðningi kjósenda við flokkana tvo á árunum 1929-1931 í kjölfar Kreppunnar miklu. Repúblikanar misstu mikinn stuðning og hin nýja efnahagsstefna (e. The New Deal) forsetans Franklins D. Roosevelt, sem kom úr röðum demókrata, hafði mikil áhrif á Demókrataflokkinn og raunar bandarísk stjórnsmál almennt. Demókratar urðu leiðandi á sviði stjórnsmálanna næstu áratugin. Höfðu þeir til að mynda meirihluta í báðum deildum þingsins frá 1932 til 1980, að undanskildum fjórum árum og frá 1932 til 2000 voru tíu demókratar kjörnir forsetar á móti átta repúblikönnum.<sup>23</sup> Franklin D. Roosevelt var í

---

<sup>17</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 189.

<sup>18</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 91-92.

<sup>19</sup> Sama heimild, 92.

<sup>20</sup> Gerð verður grein fyrir hugtakinu *íhaldssemi* síðar í þessum kafla.

<sup>21</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 92.

<sup>22</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 190.

<sup>23</sup> Sama heimild, 190-191.

fjörgang kjörinn forseti Bandaríkjanna og má að mörgu leyti rekja uppgang Demókrataflokksins á 20. öldinni til hans og hinnar nýju efnahagsstefnu hans.<sup>24</sup>

Þó svo að Demókrataflokkurinn hafi átt góðu gengi að fagna á þessum tíma var umtalsverður ágreiningur innan hans. Í suðri voru demókratar að megninu til íhaldssamir og hvítir og þeirra aðal baráttumál var að viðhalda kynþáttaaðskilnaði í landinu. Annars staðar voru demókratar málsvarar frjálsslyndi í efnahagsmálum og þeirra sem halloka voru í samfélaginu.<sup>25</sup> Lyndon B. Johnson, demókratinn sem tók við forsetaembættinu eftir fráfall John F. Kennedy, lagði mikla áherslu á að koma á bættri mannréttindalöggjöf og þannig missti flokkurinn stuðning margra hvíttra, íhaldssamra demókrata í Suðurríkjunum. Repúblíkanar tóku því til sín talsvert fylgi frá demókrötum sem aftur á móti tóku til sín fylgi meirihluta svartra.<sup>26</sup> Síðan á 9. áratugnum hefur ekki verið óalgengt að annar flokkurinn fari með löggjafarvaldið en hinn framkvæmdarvaldið. Árið 1994 töpuðu demókratar kosningum til fulltrúadeildarinnar, þar sem repúblíkanar hlutu meirihluta í fyrsta sinn í 40 ár, og kosningum til öldungadeildarinnar. Síðan þá hafa flokkarnir verið nokkurn veginn til skiptis í meirihluta í báðum deildum þingsins. Í upphafi 21. aldarinnar hafði hvorugur flokkanna leiðandi stöðu á sviði stjórnmalanna.<sup>27</sup>

Eins og sjá má af framangreindu hefur eðli, samsetning og áhrif flokkanna tveggja þróast töluvert á þeim rúmu 150 árum sem þeir hafa verið starfandi. Þegar Demókrataflokkurinn var stofnaður árið 1832 var hann í raun íhaldsflokkur, fylgjandi þrælhaldi, skipaður auðugum Suðurríkjamönnum og smábændum í vestri. Í kjölfar Kreppunnar miklu breyttust áherslur flokksins. Sífelld fleiri demókratar urðu málsvarar frjálsslyndis í efnahagsmálum og efnaminni Bandaríkjanna. Í forsetatíð demókratans Lyndon B. Johnson var hin svokallaða aðskilnaðarstefna afnumin. Demókrataflokkurinn missti þar með töluvert fylgi í Suðurríkjunum en bætti aftur á móti við sig miklu fylgi á meðal svartra Bandaríkjanna. Síðan þá hefur flokkurinn í auknum mæli sótt fylgi sitt í lægri stéttir samfélagsins sem og til venjulegs vinnandi fólks. Á þeim 180 árum sem Demókrataflokkurinn hefur verið starfandi hefur hann þannig breyst úr *íhaldsflokki í frjálsslyndan flokk*.

Republíkanaflokkurinn hefur að sama skapi gengið í gegnum miklar breytingar. Þegar hann var stofnaður árið 1854 var hann málsvari viðskipta og iðnaðar. Auk þessa var flokkurinn á móti þrælhaldi. Flokkurinn var leiðandi í bandarískum stjórnmalum á árunum

---

<sup>24</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 190.

<sup>25</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 93. - Gerð verður grein fyrir hugtakinu *frjálsslyndi* síðar í þessum kafla.

<sup>26</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 94.

<sup>27</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 191-192.

1896-1932 og festi sig í sessi sem *íhaldsflokkur með áherslu á viðskipti*. Á meðan demókratar nutu góðs gengis í kjölfar Kreppunnar miklu, gekk Repúblíkanaflokkurinn í gegnum erfiðleika og þurfti ítrekað að láta í minni pokann fyrir demókrötum. Deilan um kynþáttaaðskilnað varð, sem fyrr segir, til þess að fylgi flokkanna breyttist. Íhaldssamir Suðurríkjamenn tóku í auknum mæli að styðja Repúblíkanaflokkinn en um leið missti hann stuðning margra svartra Bandaríkjamanna til demókrata.

Af framangreindu er ljóst að hinir bandarísku stjórnmálaflokkar eru ekki fastmótaðar stofnanir heldur þróast þeir í takt við tíma og tíðaranda. Nauðsynlegt er því að gera grein fyrir því ástandi sem ríkt hefur í bandarískum stjórnmálum hin síðari ár, til þess að hægt sé að átta sig á því við hvaða pólitísku aðstæður Teboðshreyfingin varð til. Hvað einkennir hina lítt fastmótuðu bandarísku stjórnmálaflokka í dag?

## 2.2 Bandarískir stjórnmálaflokkar í dag

Yfirleitt er fjallað um stjórnmál út frá hinum almenna „vinstri-hægri“ ás stjórnmálanna. Í Bandaríkjunum í dag skilgreina íhaldsmenn sig jafnan sem hægra megin við miðju og frjálslyndir vinstra megin. Hugtökin íhaldssemi (e. conservatism), frjálshyggja (e. libertarianism) sem og frjálslyndi (e. liberalism) eru einmitt mikið notuð í bandarískum stjórnmálum í dag. Öll eiga þessi hugtök uppruna sinn að rekja til stjórnmálahefðar Breta, en merking þeirra hefur þó þróast í gegnum tíðina og er í dag um margt frábrugðin þeirri bresku. Íhaldssemi í Bandaríkjunum byggir þó að mörgu leyti á sömu grunngildum og í Bretlandi, til dæmis skipar trúin mikilvægan sess hjá mörgum bandarískum íhaldsmönnum.<sup>28</sup> Íhaldsmenn eru að sama skapi oft haldnir fortíðarþrá og telja því mikilvægt að stjórnvöld standi vörð um „hefðbundin“ félagsgildi (e. traditional social norms).<sup>29</sup> Íhaldsmenn í Bandaríkjunum leggja þó mikla áherslu á frjáls viðskipti og vilja sem minnsta regluvæðingu á því sviði. Þá eru þeir alla jafna fylgjandi útgjöldum hins opinbera til öryggis- og varnarmála.<sup>30</sup>

Í raun skiptast íhaldsmenn í Bandaríkjunum upp í tvo hópa; félagslega íhaldsmenn (e. social conservatives) annarsvegar og frjálshyggju íhaldsmenn (e. libertarian conservatives) hinsvegar. Félagslegir íhaldsmenn aðhyllast „hefðbundin“ félagsgildi og stofnanir og eru því líklegri til að vera andsnúnir breytingum og ýmsum umbótatillögum. Frjálshyggjumenn láta

---

<sup>28</sup> Jack E. Holmes, Michael J. Engelhardt og Robert E. Elder, Jr. *American Government: Essentials & Perspectives* (New York: McGraw-Hill Inc., 1991), 8.

<sup>29</sup> Richard P. Eibach og Lisa K. Libby, „Ideology of the Good Old Days: Exaggerated Perceptions of Moral Decline and Conservative Politics,“ í *Social and Psychological Bases of Ideology and System Justification*. Ritsj. John T. Jost, Aaron C. Kay og Hulda Thorisdóttir. (New York: Oxford University Press, 2009), 411.

<sup>30</sup> Holmes, Engelhardt og Elder, Jr., *American Government: Essentials & Perspectives*, 8.

sér aftur á móti fátt um finnast um félagslegar breytingar nema að hinum frjálsa markaði stafi ógn af þeim.<sup>31</sup> Frjálshyggjumenn kunna því oft illa að vera titlaðir sem íhaldsmenn þar sem hugmyndafræði þeirra er að mörgu leyti á skjön við hina hefðbundnu íhaldssemi.<sup>32</sup> Frjálshyggjumenn í Bandaríkjunum sækja hugmyndafræði sína að miklu leyti til John Locke. Þeir trúá til dæmis á skynsemi mannsins, framfarir, náttúru réttindi og takmörkuð ríkisafskipti. Helstu baráttumál frjálshyggjumanna í dag snúa einmitt að því takmarka ríkisafskipti á öllum sviðum og standa vörð um frjáls viðskipti. Þeir telja að frelsi grundvallist á frjálsum viðskiptum og eignaréttinum. Þá telja þeir stjórnvöld ekki eiga að skipta sér af einkalífi fólks nema það beinlínis sé að skaða aðra með athæfi sínu. Þannig eru þeir flestir mótfallnir banni við fóstureyðingum, fíkniefnum, klámi og fjárhættuspilum.<sup>33</sup>

Hægri stefnan í Bandaríkjunum einkennist af togstreitu á milli þessara tveggja arma íhaldsstefnunnar.<sup>34</sup> Frá lokum borgarastríðsins hafa þó bæði félagslegir íhaldsmenn og frjálshyggjumenn í Bandaríkjunum fundið sig hvað best í Repúblíkanaflokknum, enda hefur flokkurinn yfirleitt stutt frjáls viðskipti og verið fylgjandi regluvæðingu til að halda uppi ákveðnum siðferðisgildum.<sup>35</sup>

Frjálslyndir (e. liberals) í Bandaríkjunum í dag eru flestir fylgjandi því að herða regluverk og eftirlit hins opinbera í viðskiptalífinu. Frjálslyndir hafa að sama skapi verið fylgjandi aðkomu hins opinbera að velferðarmálum þar sem hinn frjálsi markaður hefur brugðist. Þá leggja þeir mikla áherslu á jöfnuð og eru margir þeirra hlyntir hærri skattheimtu á þá efnameiri til þess að hægt sé að auka lífsgæði þeirra efnaminni.<sup>36</sup> Frjálslyndir leggja þó aftur á móti mikla áherslu á frelsi einstaklingsins og telja flestir þeirra að stjórnvöld eigi ekki að skipta sér af einkalífi fólks.<sup>37</sup> Frá því að Franklin D. Roosevelt kom fram með hina nýju efnahagsstefnu hafa frjálslyndir í Bandaríkjunum fundið sig hvað best í Demókrataflokknum.<sup>38</sup> Síðar í ritgerðinni verður Teboðshreyfingin staðsett í samhengi við umræðuna hér að framan.

Þó svo að flokkarnir hafi ekki eiginlegar stefnuskrár, eins og áður kom fram, marka þeir sér þó alltaf einhverskonar stefnur á landsfundum sínum til fjögurra ára í senn. Þær

---

<sup>31</sup> Eibach og Libby, „Ideology of the Good Old Days: Exaggerated Perceptions of Moral Decline and Conservative Politics,“ í *Social and Psychological Bases of Ideology and System Justification*, 411.

<sup>32</sup> Hér eftir verður talað um frjálshyggju íhaldsmenn sem frjálshyggjumenn.

<sup>33</sup> Holmes, Engelhard tog Elder Jr., *American Government: Essentials & Perspectives*, 16-17.

<sup>34</sup> Eibach og Libby, „Ideology of the Good Old Days: Exaggerated Perceptions of Moral Decline and Conservative Politics,“ í *Social and Psychological Bases of Ideology and System Justification*. Ritstj, 411.

<sup>35</sup> Holmes, Engelhard tog Elder Jr., *American Government: Essentials & Perspectives*, 9.

<sup>36</sup> Sama heimild, 11.

<sup>37</sup> Sama heimild, 13.

<sup>38</sup> Sama heimild, 9.

stefnur eru þó yfirleitt frekar óskýrar, almennar og mynda sjaldnast samhangandi heild.<sup>39</sup> Hin síðari ár hafa flokkarnir haft tilhneigingu til þess að færa sig nær hinni pólitísku miðju til þess að reyna að höfða til breiðari hóps kjósenda.<sup>40</sup> Miðsækni flokkanna hefur leitt til þess að þeir hafa boðið upp á víðfeðmar stefnur sem leitt hefur til þess að þær eru um margt líkar. Því virðast hin hugmyndafræðilegu skil á milli flokkanna oft á tíðum óskýr. Reynslan hefur að sama skapi sýnt að þeir frambjóðendur flokkanna sem talist geta róttækir (e. extreme), ýmist hægri- eða vinstri menn, eiga erfiðara uppdráttar í kosningum.<sup>41</sup>

Flokkana greinir þó á um fjölmörg mál. Eitt af þeim málum sem flokkarnir deila til dæmis hvað mest um í dag eru fóstureyðingar. Demókrataflokkurinn hefur tekið mun mildari afstöðu til fóstureyðinga heldur en andstæðingar þeirra í Repúblíkanaflokknum. Demókratar gefa sig út fyrir að vera „pro-choice“ í þeim málum eða fylgjandi því að valið sé þeirra sem kjósa að gangast undir fóstureyðingu. Repúblíkanar gefa sig á hinn bóginn flestir út fyrir að vera „pro-life“, eða á móti fóstureyðingum og vilja þannig verja rétt hins ófædda barns til lífs.<sup>42</sup> Nánar verður vikið að afstöðu til fóstureyðinga síðar í ritgerðinni.

Fylgi flokkanna er breytilegt og eins og áður segir sækja þeir fylgi sitt til mismunandi hópa samfélagsins. Í könnun sem gerð var á vegum Gallup árið 1980 sögðust 22% fleiri kjósenda samsama sig með Demókrataflokknum heldur en Repúblíkanaflokknum. Níu árum síðar var bilið aðeins um fjögur prósent og hefur haldist í kringum það fram á 21. öldina.<sup>43</sup> Um 60% kjósenda segjast samsama sig við annan hvorn flokkinn. Hin 40% segjast vera óháð flokkum, en sú tala getur þó gefið þó eilítið skakka mynd af kjósendum. Kosningarannsóknir sem gerðar eru við háskólann í Michigan í Bandaríkjunum, benda til dæmis til þess að flestir þeir sem telja sig vera óháða *hallist* ýmist að demókrötum eða repúblíkönum. Samkvæmt þeim upplýsingum má gera ráð fyrir því að um 90% kjósenda séu hliðhollir öðrum hvorum flokknum, þó að þeir skilgreini sig ekki allir sem annaðhvort demókrata eða repúblíkana. Á 9. og 10. áratug síðustu aldar jókst fjöldi þeirra kjósenda sem skilgreindu sig sem íhaldssama á móti þeim sem skilgreindu sig sem frjálslynda. Íhaldssamir í Bandaríkjunum hafa síðan verið um 30%, frjálslyndir í kringum 20% og aðrir, svokallaðar miðjumenn (e. moderates). Þetta er

---

<sup>39</sup> Maidment og McGrew, *The American Political Process*, 2.útg., 116-117.

<sup>40</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 100.

<sup>41</sup> Maidment og McGrew, *The American Political Process*, 2.útg., 117 og Katz, *Political Institutions in the United States*, 100.

<sup>42</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 100. – „Pro-choice“ verður hér eftir kallað að vera fylgjandi vali og „Pro-life“ að vera fylgjandi lífi.

<sup>43</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 197.



gjörólíkt því sem tíðkaðist um miðja síðustu öld en þá réð frjálslýnda stefnan lögum og lofum.<sup>44</sup>

Eins og áður hefur komið fram er Demókrataflokkurinn í dag í raun gjörólíkur þeim Demókrataflokki sem starfaði á fyrri hluta síðustu aldar. Síðan þá hefur flokkurinn unnið mikið fylgi í lægri stéttum samfélagsins en einnig náð að halda tryggð þeirra fjölmörgu kjósenda sem í gegnum tíðina hafa unnið sig upp í millistéttina.<sup>45</sup> Í kosningarannsóknum sem gerðar voru árið 2004 kom í ljós að Demókrataflokkurinn sækir stuðning sinn að miklu leyti til svartra kjósenda, Bandaríkjamanna af asískum og spænskum uppruna, íbúa stórborga við strendur landsins, verkalyðsins, ókristinna sem og ótrúaðra. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar virðist sömuleiðis vera hægt að staðsetja flokkinn *vinstra megin við miðju* á hinum almenna vinstri-hægri ás stjórnmálanna.<sup>46</sup> Demókratar eru öllu jafna fylgjandi ríkisafskiptum í efnahagsmálum og útgjöldum hins opinbera til almannatrygginga, heilbrigðismála og menntamála. Demókratar hafa þannig talað fyrir umbótum og breytingum og telja að alríkið eigi þar að spila lykilhlutverk.<sup>47</sup>

Kosningabarátta Barack Obama snerist einmitt að miklu leyti um þörfina á breytingum. Þegar hann hlaut útnefningu Demókrataflokksins sem forsetaefni hans, á landsfundi flokksins í ágúst 2008, sagði Obama til að mynda ítrekað að breytinga væri þörf.<sup>48</sup> Í framboði sínu til forseta vísaði hann síðan iðullega til slagorðanna: „Change we can believe in“ og síðar: „A change we need.“<sup>49</sup> Í ræðu sinni í kjölfar útnefningarinnar fór Obama yfir helstu stefnumál sín og lagði þar með drög að stefnu Demókrataflokksins til næstu fjögurra ára. Í sambandi við efnahagsmál sagðist hann ætla að taka afstöðu með smærri fyrirtækjum og venjulegu fólki frekar en stórfyrirtækjum og auðkýfingum. Þannig lagði hann líka ríka áherslu á að staðinn yrði vörður um almannatryggingakerfið og það að allir Bandaríkjamenn hefðu tækifæri á að hljóta góða menntun og heilbrigðisþjónustu. Þá tók Obama, líkt og flestir nútímademókratar, fremur frjálslýnda afstöðu til fóstureyðinga, innflytjenda og réttinda samkynhneigðra og sagði nauðsynlegt að herða reglur um vopnaburð í landinu.<sup>50</sup> Obama

---

<sup>44</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 198.

<sup>45</sup> Sama heimild, 197.

<sup>46</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 97-98.

<sup>47</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 198.

<sup>48</sup> Barack Obama, „The American Promise“, *The Huffington Post*. Ræða á landsfundi demókrata (e. Democratic National Convention), Denver, Colorado, 28. ágúst 2008. [http://www.huffingtonpost.com/2008/08/28/barack-obama-democratic-c\\_n\\_122224.html](http://www.huffingtonpost.com/2008/08/28/barack-obama-democratic-c_n_122224.html) (sótt 6. mars 2012).

<sup>49</sup> Julia Hoppock, „Obama’s ‘Change’ Slogan Gets a Change“, *ABC News*, 13. september 2008, <http://abcnews.go.com/blogs/politics/2008/09/obamas-change-s/> (sótt 26. apríl, 2012).

<sup>50</sup> Barack Obama, „The American Promise“, *The Huffington Post*. Ræða á landsfundi demókrata, 28. ágúst 2008.

sigraði forsetakosningarnar með hátt í 53% greiddra atkvæða, sem var hærra hlutfall en nokkur demókrati hafði náð í yfir 50 ár og á sama tíma voru demókratar í meirihluta í báðum deildum þingsins.<sup>51</sup> Af þessu má ætla að meiri hluti bandarískra kjósenda hafi verið tilbúnir í að ráðast í þær breytingar sem Obama boðaði.

Repúblikanaflokkurinn átti við nokkurn vanda að stríða fram á 9. áratug síðustu aldar þegar demókratar voru hið leiðandi stjórn málafl. Stuðningsmenn repúblikana voru frekar einsleitur hópur manna úr viðskiptalífínu, efri stéttum landsins og stórbænda. Flestir stuðningsmenn repúblikana voru sömuleiðis hvítir og mótmælendatrúar. Flokkurinn fékk þannig orð á sig fyrir að vera „flokkur hinna ríku“ sem varð til þess að fólk úr miðstéttum landsins samsamaði sig í minna mæli við hann.<sup>52</sup> Kosningarannsóknir frá árinu 2004 gefa til kynna að Repúblikanaflokkurinn sé orðinn flokkur hvíttra, meðalmenntaðra, trúaðra Suðurríkjamanna úr dreifbýlinu.<sup>53</sup> Í seinni tíð hafa repúblikanar aðallega barist fyrir því að ríkisafskiptum í efnahags- og félagsmálum verði haldið í lágmarki. Þeir hafa sömuleiðis verið mótfallnir kostnaðarsömum og verðbólgu myndandi verkefnum á vegum hins opinbera og viljað færa verkefni í auknum mæli til ríkjanna sjálfra. Repúblikanar hafa einnig mælt fyrir ábyrgri fjármálastefnu (e. fiscal responsibility) en oft ekki náð að framfylgja slíkri stefnu sjálfir.<sup>54</sup> Flokkinn má í grunninn skilgreina sem íhaldssaman flokk, *hægra megin við miðju* á hinum almenna vinstri-hægri ás stjórn mála. Það hefur þó ekki alltaf verið raunin, eins og áður sagði. Fram á 7. áratug síðustu aldar voru forsetaframbjóðendur flokksins til að mynda flestir frjálslýndir repúblikanar og í lok aldarinnar mátti enn finna frjálslýnda repúblikana á þingi. Áhrif þeirra hafa þó farið dvínandi innan flokksins síðan.<sup>55</sup>

Eins og fjallað var um hér að framan eru helstu átök innan Repúblikanaflokksins í dag á milli félagslegra íhaldsmanna og frjálshyggjumanna. Félagslegu íhaldsmennirnir leggja áherslu á hefðbundin fjölskyldugildi (e. traditional family values), telja ríkið eiga að gegna ákveðnu siðferðishlutverki og vilja regluevna einkalíf fólks. Frjálshyggjumenn innan flokksins telja hann eiga aðallega að beita sér í efnahagsmálum, þá sérstaklega fyrir lágum sköttum og minni umsvifum alríkisins. George W. Bush, fyrrum forseti, hafði mikil áhrif á íhaldsstefnu Repúblikanaflokksins. Í forsetakapphaupinu árið 2000 mælti hann til að mynda fyrir samúðarfullri íhaldsstefnu (e. compassionate conservatism) en í henni fólst meiri samúð

---

<sup>51</sup> Gary Gerstle, „The GOP in the Age of Obama,“ *New Labor Forum* 19, nr. 3 (2010): 23.

<sup>52</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 197.

<sup>53</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 97-98.

<sup>54</sup> Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 198.

<sup>55</sup> Katz, *Political Institutions in the United States*, 98 og Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 199.

með þeim efnaminni en áður hafði tíðkast.<sup>56</sup> Íhaldsmenn á hægri kanti Repúblikanaflokksins litu margir hverjir á þessa stefnu Bush sem svik við grundvallarstefnu flokksins um lítil ríkisafskipti.<sup>57</sup>

Í lok árs 2008 var ímynd Repúblikanaflokksins því ekki upp á marga fiska. George W. Bush var hvorki sérstaklega vinsæll á meðal flokksbræðra sinna né á meðal almennings.<sup>58</sup> Í könnun á vegum Gallup sem gerð var í desember árið 2008 sögðust til að mynda aðeins 29% aðspurðra ánægðir með störf hans sem forseti Bandaríkjanna.<sup>59</sup> Stöfuðu þessar óvinsældir að miklu leyti af viðbrögðum hans við efnahagskrísunni sem skall á árið 2008 sem og af óánægju með stríðsrekstur Bandaríkjanna í Írak og Afganistan. Almennur tók almennt að efast um ágæti efnahagsstefnu repúblikana og fjölmargir óháðir kjósendur hættu stuðningi við flokkinn. Eftir að repúblikanar töpuðu svo líka baráttunni um forsetaembættið árið 2008 virtist útlitið ekki gott fyrir flokkinn.<sup>60</sup>

Þær breytingar sem Barack Obama boðaði voru kærkomnar í hugum margra, sér í lagi demókrata, en aðrir, þá aðallega repúblikanar, óttuðust það sem í vændum var. Upp úr þessum jarðvegi spratt ný hreyfing á hægri væng stjórnmálanna; hin svokallaða Teboðshreyfing.

---

<sup>56</sup> Alan Grant, *The American Political Process*, 7. útg., 199.

<sup>57</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 7.

<sup>58</sup> Gerstle, „The GOP in the Age of Obama,“ *New Labor Forum* 19, nr. 3 (2010): 23.

<sup>59</sup> Gallup, „Presidential Approval Ratings – George W. Bush,“ <http://www.gallup.com/poll/116500/presidential-approval-ratings-george-bush.aspx> (sótt 22. apríl, 2012).

<sup>60</sup> Gerstle, „The GOP in the Age of Obama,“ *New Labor Forum* 19, nr. 3 (2010): 23.

### 3 Teboðshreyfingin

Í ársbyrjun 2009 spratt Teboðshreyfingin fram á sjónarsviðið á leifturhraða og af miklum krafti. Teboðshreyfingin fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum, mótmæli og kröfufundir undir flaggi hennar voru haldnir vítt og breitt um Bandaríkin og hundruðir staðbundinna teboðshreyfinga voru stofnaðar.<sup>61</sup> Hreyfingin er að mörgu leyti sérstök. Til að mynda hefur hún enga yfirstjórn eða formlega stefnuskrá. Sökum þessa getur verið erfitt að átta sig á eðli hennar og áhrifum. Hér á eftir verður greint frá því hvað varð til þess að Teboðshreyfingin fór af stað, hverjir það eru sem mynda hana, helstu stefnumálum hennar og hugmyndafræði. Þannig verður í framhaldinu hægt að skoða hvort að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina í orðræðu frambjóðenda Repúblikanaflokksins.

Hreyfingin hefur lítið verið rannsökuð með markvissum hætti, enn sem komið er. Höfundar bókarinnar *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, sem kom út í upphafi árs 2012, gerðu þó tilraun til þess. Við rannsóknir sínar heimsóttu höfundarnir, þær Theda Skocpol og Vanessa Williamson, fjölda staðbundinna teboðshreyfinga víðsvegar um Bandaríkin og tóku viðtöl við fólk úr grasrót hreyfingarinnar. Auk þessa viðugu þær að sér aragrúa upplýsinga um hreyfinguna, ýmist af öldum ljósvakans eða úr opinberum gögnum og skoðanakönnunum. Því verður stuðst við rannsóknir þeirra að töluverðu leyti í þessum kafla ásamt öðrum heimildum, eftir því sem við á.

#### 3.1 Teboðshreyfingin verður til

Barack Obama naut víðtekens stuðnings meðal almennings í upphafi kjörtímabils síns sem forseti Bandaríkjanna. Í könnun sem gerð var á vegum Gallup, í lok janúar árið 2009, sögðust til dæmis um 69% aðspurðra vera ánægðir með hinn nýja forseta.<sup>62</sup> Andstæðingar demókrata í Repúblikanaflokknum voru ekki eins ánægðir með nýja forsetann. Á meðal hinna íhaldssömustu gætti mikillar óánægju og óttuðust þeir margir hverjir að Obama myndi aðeins gera illt verra. Ekki nóg með það að forsetinn væri demókrati og blökkumaður heldur tók hann við embætti á einum mestu umbrotatímum í efnahagslífi Bandaríkjanna. Eins og kom fram í síðasta kafla hafði Obama lofað umfangsmiklum umbótum á heilbrigðiskerfi Bandaríkjanna en þær umbætur hafa verið mjög umdeildar í röðum Repúblikana. Mikillar

---

<sup>61</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 5.

<sup>62</sup> Gallup, „Presidential approval ratings – Barack Obama,“ <http://www.gallup.com/poll/116479/barack-obama-presidential-job-approval.aspx#1> (sótt 22. apríl, 2012).

óánægju gætti að sama skapi um björgun bankanna og hinn kostnaðarsama björgunarpakka (e. stimulus package) stjórnvalda. Í kjölfarið mátti greina aukna óvild í röðum repúblikana í garð forsetans og Demókrataflokksins í heild.<sup>63</sup> Jarðvegurinn fyrir mótmæli var orðinn frijósamur.

Þann 19. febrúar árið 2009 var Rick Santelli, fréttaritari sjónvarpsstöðvarinnar *CNBC*, við fréttaflokkning úr kauphöllinni í Chicago þegar hann byrjaði að skammast út í Obama og ríkisstjórn hans. Santelli sagði ríkisstjórnina vera að verðlauna óábyrga hegðun með því að leysa skuldara undan skuldum sínum (e. foreclosure relief plan). Hann hvatti kapítalista landsins til að taka þátt í svokölluðu teboði í Chicago til að mótmæla niðurgreiðslu ríkisins á veðum skuldara í erfiðleikum.<sup>64</sup> Vísaði Santelli þar með til „Teboðsins í Boston“ (e. The Boston Tea Party) árið 1773 þar sem hópur manna mótmælti skattlagningu Breta í Norður-Ameríku með því að kasta heilum kistum af tei úr breskum skipum í höfnina.<sup>65</sup> Þessi þrumuræða Santelli endurómaði í fjölmiðlum vítt og breitt um landið næstu daga. Óánægðir íhaldsmenn um gjörvöll Bandaríkin gripu tækifærið á lofti: Teboðsstimpillinn var akkúrat það sem þurfti. Loforð Obama um að „gerbreyta Ameríku“ hljómaði, í eyrum þeirra, sem beinlínis ógn við landið sem þeir unnu.<sup>66</sup>

Netheimar gegndu mikilvægu hlutverki á þeim tíma sem hreyfingin var að ryðja sér til rúms. Íhaldssamir bloggarar, útvarpsmenn og gamalreyndir repúblikanar tóku að skipuleggja fjöldamótmæli og fundi í nafni Teboðshreyfingarinnar, á vefsíðum, í útvarpi og í gegnum samskiptasíður á borð við Twitter og Facebook. Markmiðið var að „endurheimta landið“ sem þeir töldu vera að renna sér úr greipum.<sup>67</sup> Boðað var til fyrstu formlegu mótmæla Teboðshreyfingarinnar þann 29. febrúar 2009, 10 dögum eftir kallið fræga frá Santelli. Mótmælt var í nokkrum borgum en hvergi voru mótmælin sérstaklega fjölmenn. Það var ekki fyrir en að sjónvarpsstöðin *FOX News* tók að fjalla af ákafa um málstaðinn að hreyfingin fékk byr undir báða vængi. Hundruðir þúsunda gengu til mótmæla í nafni Teboðshreyfingarinnar á svokölluðum Skattadegi (e. Tax day), þann 15. apríl 2009. Á næstu mánuðum hélt fólk áfram að mótmæla og fara í kröfugöngur. Íhaldssamar fréttaveitur möggnuðu upp þá athygli sem meðlimir Teboðshreyfingarinnar fengu, sem varð til þess að aðrar fréttaveitur urðu uppteknar

---

<sup>63</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 6.

<sup>64</sup> Gerstle, „The GOP in the Age of Obama,“ *New Labor Forum* 19, nr. 3 (2010): 25.

<sup>65</sup> William Tilden, „The Psychohistorical Roots of the American “Tea Party” Movement,“ *The Journal of Psychohistory* 38, nr. 3 (2011): 215.

<sup>66</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 7.

<sup>67</sup> Sama heimild.

af þessu sjónarspili. Næstu tvö árin tóku staðbundnar teboðshreyfingar að spretta upp um landið allt og mótmælin héldu áfram.<sup>68</sup>

Sumir blaða- og fræðimenn hafa haldið því fram að Teboðshreyfingin sé aðeins svar við fjármálakrísunni sem skall á árið 2008 en fyrir meðlimi hreyfingarinnar er málið flóknara. Bölsýni þeirra í efnahagshorfum landsins er af pólitískum toga. Meðlimir Teboðshreyfingarinnar fóru margir hverjir ekki varhluta af efnahagsþrengingum síðustu ára. Milljónir starfa glötuðust til að mynda í byggingariðnaðinum, hrun varð á fasteignamarkaði og verðbréfamarkaðurinn tók dramatíska niðursveiflu, olíuverð hækkaði og fjöldi Bandaríkjamanna tapaði fé úr eftirlaunasjóðum sínum.<sup>69</sup> Sagnfræðingurinn Mark Lilla segir einkum þrjú atriði hafa drifið hreyfinguna af stað: Fjármálakrísa sem varð til þess að margir Bandaríkjamenn misstu heimili sín, vinnuna og sparifé; áætlun Obama um að ráðast í endurbætur á heilbrigðiskerfinu *þrátt fyrir krísuna* og almenn úlfúð á forsetanum, sem kynt var undir á meðal hægrisinnaðra fjölmiðlamanna.<sup>70</sup> Allt þetta varð vissulega til þess að hrista upp í meðlimum Teboðshreyfingarinnar og drýgja þá til dæða en það var fyrst og fremst framfarastefna Obama sem dreif hreyfinguna áfram. Meðlimir Teboðshreyfingarinnar töldu stefnu hans í efnahagsmálum aðeins til þess fallna að gera ástandið verra og setja þyngri efnahagslegar byrðar á fólkið í landinu. Þetta áttu þeir mjög erfitt með að sætta sig við.<sup>71</sup>

### 3.2 Hverjir mynda Teboðshreyfinguna?

Teboðshreyfingin er að mörgu leyti sérstök hreyfing. Margir stuðningsmenn hennar skilgreina hana sem fjöldahreyfingu „...venjulegra Bandaríkjamanna sem hafa áhyggjur af því að missa réttinn til að lifa lífi sínu eins og þeir kjósa.“<sup>72</sup> Þessi lýsing á vissulega við um hluta áhangenda Teboðshreyfingarinnar en hreyfingin er í raun mun flóknari í eðli sínu. Ýmsir fjölmiðlamenn, baráttuhópar og sjálfstæðar stjórnmálahreyfingar telja sig til að mynda til Teboðshreyfingarinnar, tala undir merkjum hennar eða leggja henni lið á annan hátt þó svo að enginn hafi kjörið þessa aðila til þess.<sup>73</sup> Þessir aðilar hafa oft mikið fé á milli handanna og nota það óspart í þágu þess málstaðs sem þeir berjast fyrir. Þetta hefur meðal annars orðið þess valdandi að Teboðshreyfingin er stundum kölluð „Teboð milljarðamæringanna“ (e.

---

<sup>68</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 8.

<sup>69</sup> Sama heimild, 29-30.

<sup>70</sup> Clarence Walker, „We're losing our country": Barack Obama, Race & the Tea Party,“ *Daedalus* 140, nr. 1 (2011): 126.

<sup>71</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 31.

<sup>72</sup> Sama heimild, 11.

<sup>73</sup> Sama heimild.

billionaire's tea party).<sup>74</sup> Bræðurnir og milljarðamæringarnir, David og og Charles Koch hafa til dæmis oft verið nefndir í þessu sambandi. Þeir reka annað stærsta einkarekna fyrirtæki Bandaríkjanna, *Koch Industries*, og eru miklir frjálshyggjumenn. Nokkur félög tengd þeim eru sögð hafa látið mikið fé af hendi rakna til Teboðshreyfingarinnar.<sup>75</sup> Vissulega hafa aðilar, eins og Koch bræðurnir og aðrir hagsmunahópar, reynt að hafa áhrif á Teboðshreyfinguna og njóta góðs af gjörðum hennar, en þeir sköpuðu þó hvorki hreyfinguna né stjórnna aðgerðum hennar algjörlega, eins og stundum er haldið fram. Í því sambandi er vert að benda á að þær Skocpol og Williamson telja að hátt í tvöhundruð þúsund venjulegra Bandaríkjamanna taki virkan þátt í starfi hreyfingarinnar; starfi í sjálfboðavinnu í þágu hennar, ferðist oft um langan veg til að taka þátt í mótmælum hennar og hafi stofnað smærri einingar sem kenna sig við Teboðshreyfinguna vítt og breitt um landið.<sup>76</sup> Þetta er vissulega aðeins lítill hluti kjósenda en grasrót Teboðshreyfingarinnar er ekkert frábrugðin öðrum grasrótahreyfingum hvað þetta varðar.<sup>77</sup>

Í könnun, á vegum *CNN* fréttastöðvarinnar, sem gerð var í mars árið 2009 kom í ljós að ríflega 30% fullorðinna Bandaríkjamanna sögðust vera almennt jákvæðir í garð Teboðshreyfingarinnar, þó ekki hafi þeir allir verið gallharðir stuðningsmenn hennar.<sup>78</sup> Nýlegri könnun á fylgi hreyfingarinnar, sem gerð var í apríl árið 2012 á vegum *ABC* fréttastöðvarinnar bendir til þess að stuðningur við Teboðshreyfinguna sé að aukast, ef eitthvað er. Þar sögðust 41% aðspurðra styðja Teboðshreyfinguna og 12% töldu sig vera

---

<sup>74</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 12.

<sup>75</sup> Peter Fenn, „Tea Party Funding Koch Brothers Emerge From Anonymity,“ *U.S. News*, 2. febrúar, 2011. <http://www.usnews.com/opinion/blogs/Peter-Fenn/2011/02/02/tea-party-funding-koch-brothers-emerge-from-anonymity> (sótt 19. apríl, 2012), Kenneth P. Vogel, „Tea party's growing money problem,“ *Politico*, 9. ágúst 2010, <http://dyn.politico.com/members/forums/thread.cfm?catid=1&subcatid=70&threadid=4355176> (sótt 16. apríl, 2012, Kate Zernike, „Secretive Republican Donors Are Planning Ahead,“ *The New York Times*, 19. október, 2010, [http://www.nytimes.com/2010/10/20/us/politics/20koch.htm?pagewanted=2&\\_r=1](http://www.nytimes.com/2010/10/20/us/politics/20koch.htm?pagewanted=2&_r=1) (sótt 18. apríl, 2012) og Andrea Murphy og Scott DeCarlo. „America's Largest Private Companies.“ *Forbes*, 16. nóvember 2011. [http://www.forbes.com/lists/2011/21/private-companies-11\\_land.html](http://www.forbes.com/lists/2011/21/private-companies-11_land.html) (sótt 22. apríl 2012).

<sup>76</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 12.

<sup>77</sup> Sama heimild, 22.

<sup>78</sup> Nate Silver, „Poll Shows More Americans Have Unfavorable Views of Tea Party,“ *The New York Times*, 30. mars, 2011, <http://fivethirtyeight.blogs.nytimes.com/2011/03/30/poll-shows-more-americans-have-unfavorable-views-tea-party/#> (sótt 9. mars, 2012), CNN – Opinion Research Corporation. Opinion Research Poll, 30. mars, 2011 og CNN, „CNN Poll: Unfavorable view of tea party on the rise,“ *CNN*, 30. mars, 2011. <http://politicalticker.blogs.cnn.com/2011/03/30/cnn-poll-unfavorable-view-of-tea-party-on-the-rise/> (sótt 19. apríl, 2012).

harða stuðningsmenn hennar.<sup>79</sup> Teboðshreyfingin nýtur því augljóslega mikils stuðnings á meðal bandarískra kjósenda, þó mun færri séu virkir í starfi hennar.<sup>80</sup>

Samkvæmt könnun sem gerð var á vegum *New York Times* og *CBS* fréttastöðvarinnar, í apríl árið 2010, hafa flestir áhangendur Teboðshreyfingarinnar svipaðan félagslegan bakgrunn. Flestir þeirra sem sögðust styðja hreyfinguna voru til að mynda giftir, hvítir, karlmenn yfir 45 ára aldri, kirkjuræknir og töldu sig til repúblikana. Þeir voru að sama skapi yfirleitt vel stæðir fjárhagslega og meira menntaðir en flestir Bandaríkjamenn.<sup>81</sup> Skocpol og Williamson telja þó að flestir meðlimir grasrótahreyfingarinnar séu það sem kalla megi miðstéttarfólk.<sup>82</sup> Þó svo að flestar kannanir bendi til þess að karlar séu í kringum 55-60% meðlima Teboðshreyfingarinnar spila konur stórt hlutverk innan hennar. Við rannsóknir sínar komust þær Skocpol og Williamson til að mynda að því að þó svo að stuðningsmenn hreyfingarinnar séu að meirihluta karlmenn eru það í flestum tilvikum konur sem leiða og skipuleggja starfið í grasrótinni. Þær benda þó á að slíkt sé í raun ekkert nýnæmi í bandarísku samfélagi; konur hafi í áraraðir leitt og skipulagt sjálfbodaðastarf í landinu.<sup>83</sup>

Þær félagslegu bakgrunnsbreytur sem nefndar voru hér að framan má að miklu leyti heimfæra á flesta repúblikana. Áhangendur Teboðshreyfingarinnar eru þó öllu jafna mun hægrisinnaðri en gengur og gerist á meðal íhaldsmanna innan Repúblikanaflokksins. Emily McClintock Ekins komst til að mynda að því í rannsókn sinni á Teboðshreyfingunni, *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*, að 76% áhangenda Teboðshreyfingarinnar vilja frekar rétta úr fjárlagahalla ríkisins en að eyða ríkisfé í atvinnusköpun, miðað við 47% annarra repúblikana.<sup>84</sup> Því er kannski ekki að undra að þeir voru svartsýnni en flokksbræður þeirra í Repúblikanaflokki í kjölfar efnahagskrísunnar og höfðu gríðarlegar áhyggjur af því hvernig demókratinn Obama myndi takast á við hana.<sup>85</sup>

Eins og kom fram í kaflanum hér að framan er ákveðin togstreita á milli félagslegra íhaldsmanna og frjálshyggjumanna innan Repúblikanaflokksins. Hið sama er uppi á teningnum í Teboðshreyfingunni; þó svo að fjöldi fólks sameinist undir merkjum

---

<sup>79</sup> ABC News, „Tea Party Movement Looks Stalled; Half Like it less as they Hear More,“ *ABC News/Washington Post Poll*, 15. apríl 2012 og Scott Clement, „Tea party support stable, but interest is waning,“ *The Washington Post*, 15. apríl, 2012, [http://www.washingtonpost.com/blogs/behind-the-numbers/post/tea-party-support-stable-but-interest-is-waning/2012/04/14/gIQAPXyKHT\\_blog.html](http://www.washingtonpost.com/blogs/behind-the-numbers/post/tea-party-support-stable-but-interest-is-waning/2012/04/14/gIQAPXyKHT_blog.html) (sótt 20. apríl, 2012).

<sup>80</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 22.

<sup>81</sup> CBS News, „The Tea Party Movement: Who They Are.“ *CBS News/The New York Times Poll*, 14. apríl, 2010.

<sup>82</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 23.

<sup>83</sup> Sama heimild, 43.

<sup>84</sup> Emily McClintock Ekins, *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*, óútgefin ritgerð mastersnema við UCLA háskóla.

[http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=1902394](http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=1902394) (sótt 16. apríl, 2012), 17.

<sup>85</sup> Sama heimild, 26.



Teboðshreyfingarinnar þýðir það ekki að það hafi allt sömu gildi. Félagslegum íhaldsmönnum hreyfingarinnar er til að mynda mikið í mun að fjalla um ýmis menningar- og siðferðisleg álitamál en frjálshyggjumenn hreyfingarinnar vilja að hún einbeiti sér að efnahagsmálum.<sup>86</sup> Frjálshyggjumenn innan Teboðshreyfingarinnar virðast hafa örlítið frábrugðinn félagslegan bakgrunn frá félagslegum íhaldsmönnum hennar. Frjálshyggjumennirnir eru lítið eitt líklegri til að hafa meiri menntun og hafa að jafnaði aðeins hærri tekjur. Meðalaldur þeirra er að sama skapi aðeins lægri, þeir eru ekki jafn trúaðir og flestir eru þeir frá vestur- eða norðausturríkjum Bandaríkjanna, en ekki Suðurríkjunum eins og flestir félagslegu íhaldsmennirnir.<sup>87</sup>

Teboðshreyfingin samanstendur í raun af þremur samtvinnum öflum. Í fyrsta lagi er það grasrótahreyfingin sem nefnd var hér að framan. Hún er eitt mikilvægasta aflið sem drífur hreyfinguna áfram. Í öðru lagi eru það ýmiskonar samtök og hagsmunahópar sem gera hvað þeir geta til að vekja athygli á aðgerðum grasrótarinnar og reyna með því að þrýsta á Repúblikanaflokkinn að beita sér í auknum mæli fyrir frjálshyggju í skattamálum, afstöðu til opinberra útgjalda og regluvæðingar. Í þriðja lagi hafa íhaldssamir fjölmiðlamenn stuðlað að útbreiðslu boðskaparins og hvatt fólk til að fylkja sér að baki Teboðshreyfingunni. Þessir þrír hópar mynda í raun Teboðshreyfinguna.<sup>88</sup>

Stjórnmalaleiðtogar sem kenna sig við Teboðshreyfinguna eru þó ekki síður mikilvægir og hafa gefið hreyfingunni byr undir báða vængi. Sarah Palin, fyrrum ríkisstjóri Alaska og varaforsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins árið 2008, er til dæmis einn þessara leiðtoga. Þrátt fyrir misheppnað framboð árið 2008 hefur Palin tekist að verða einn af eftirlætisleiðtogum áhangenda Teboðshreyfingarinnar.<sup>89</sup> Í skoðanakönnunum og rýnihópum á vegum Democracy Corps um Teboðshreyfinguna, sem fram fóru frá apríl fram í júní, árið 2010, sögðust til dæmis 75% áhangenda Teboðshreyfingarinnar kunna vel við Palin og töldu hana vera öflugan málsvara íhaldsstefnunnar.<sup>90</sup> Það er því kannski ekki að undra að hún var fengin til að vera aðalræðumaður á fyrsta landsfundi Teboðshreyfingarinnar árið 2010.<sup>91</sup> Hún

---

<sup>86</sup> Emily McClintock Ekins, *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*, 35.

<sup>87</sup> Sama heimild, 31.

<sup>88</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 12-13.

<sup>89</sup> Ed Pilkington, „The Tea Party: five to watch,“ *theguardian*, 4. október, 2010,

<http://www.guardian.co.uk/world/2010/oct/04/tea-party-five-to-watch> (sótt 23. mars, 2012).

<sup>90</sup> Democracy Corps, „Special Report on the Tea Party – An Ideological Grass-roots Movement,“ *Democracy Corps*, 19. júlí, 2010, <http://www.democracycorps.com/strategy/2010/07/special-report-on-the-tea-party-movement/?section=Analysis> (sótt 19. apríl, 2012).

<sup>91</sup> Liz Sidoti, „Sarah Palin Tea Party Convention Speech: Activists Can Hardly Wait,“ *The Huffington Post*, 6. febrúar 2010, [http://www.huffingtonpost.com/2010/02/06/sarah-palin-tea-party-con\\_n\\_452153.html](http://www.huffingtonpost.com/2010/02/06/sarah-palin-tea-party-con_n_452153.html) (sótt 11. mars, 2012).

er einnig talin hafa haft mikil áhrif í aðdraganda þingkosninganna árið 2010. Þar lýsti hún yfir stuðningi við fjölmarga frambjóðendur og í 26 tilvikum af 37 sigraði sá frambjóðandi kosningarnar. Þar á meðal voru til dæmis Rand Paul og Sharron Angle sem bæði eru vinsæl á meðal áhangenda hreyfingarinnar.<sup>92</sup> Sarah Palin var lengi vel orðuð við forsetaframboð árið 2012 en gaf það út í október árið 2011 að hún myndi ekki gefa kost á sér.<sup>93</sup> Hún hefur þó ekki legið á skoðunum sínum í aðdraganda kosninganna, enda í góðri aðstöðu til þess sem sérlegur álitsgjafi FOX fréttastöðvarinnar um stjórnmál. Í því sambandi er vert að benda á að stöðin er í miklu uppáhaldi hjá áhangendum Teboðshreyfingarinnar, en 63% þeirra segjast oftast horfa á fréttir á þeirri stöð.<sup>94</sup>

Önnur áhrifakona sem kennir sig við Teboðshreyfinguna er þingkonan Michele Bachmann. Hún var í forsvari mótmæla innan þingsins haustið 2009 um heilbrigðisfrumvarp Obama og í júlí árið 2010 stofnaði hún þingflokk í fulltrúadeildinni undir merkjum Teboðshreyfingarinnar. Hún hefur talað fyrir ábyrgri fjármálastefnu, minni umsvifum ríkisins, „hefðbundnum fjölskyldugildum“ og mikilvægi þess að virða stjórnarskrána; allt hljómar þetta sem englasöngur í eyrum áhangenda Teboðshreyfingarinnar.<sup>95</sup> Bachmann var í framboði sem forsetaefni Repúblíkanaflokksins fyrir forsetakosningarnar 2012, en dró framboð sitt til baka eftir að hún beið afhroð í forkosningum flokksins í Iowa í janúar, 2012.<sup>96</sup>

Þingmaðurinn, og frjálshyggjumaðurinn, Ron Paul hefur sömuleiðis verið áberandi talsmaður Teboðshreyfingarinnar. Hann er helsti málsvari frjálshyggjusjónarmiða innan Teboðshreyfingarinnar og er oft kallaður guðfaðir Teboðshreyfingarinnar, enda virðast mörg af helstu gildum hreyfingarinnar um lítil ríkisafskipti ættuð frá honum.<sup>97</sup> Paul hefur í þrígang boðið sig fram til forseta, nú síðast fyrir forsetakosningarnar 2012. Nánar verður fjallað um þessa þrjá leiðtoga Teboðshreyfingarinnar í næsta kafla. Þar verður orðræða þeirra um fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og „Obamacare“ borin saman við orðræðu Mitt Romney um sömu mál.

---

<sup>92</sup> Pilkington, „The Tea Party: five to watch,“ *theguardian*, 4. október, 2010.

<sup>93</sup> Ewen MacAskill, „Sarah Palin will not run for president in 2012,“ *theguardian*, 6. október, 2012, <http://www.guardian.co.uk/world/2011/oct/06/sarah-palin-not-run-president> (sótt 31. mars, 2012).

<sup>94</sup> Howard Kurtz, „Sarah Palin to appear regularly on FOX News,“ *The Washington Post*, 12. janúar, 2010. <http://www.washingtonpost.com/wp-dyn/content/article/2010/01/11/AR2010011103736.html?sid=ST2010011103983> (sótt 22. apríl, 2012) og Emily McClintock Ekins, *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*, 24.

<sup>95</sup> Rachel Weiner, „Michele Bachmann starting tea party caucus,“ *The Washington Post*, 16. júlí, 2010, <http://voices.washingtonpost.com/44/2010/07/michele-bachmann-starting-tea.html> (sótt 11. mars, 2012).

<sup>96</sup> Bill Nichols, „Iowa caucus results shake up GOP field: Rick Perry goes to South Carolina, Michele Bachmann goes home,“ *Politico*, 4. janúar 2012. <http://www.politico.com/news/stories/0112/71079.html> (sótt 3. apríl, 2012).

<sup>97</sup> Kelefa Sanneh, „Party Crasher – Ron Paul’s unique brand of libertarianism,“ *The New Yorker*, 27. Febrúar, 2012, [http://www.newyorker.com/reporting/2012/02/27/120227fa\\_fact\\_sanneh](http://www.newyorker.com/reporting/2012/02/27/120227fa_fact_sanneh) (sótt 31. mars, 2012).

Þrátt fyrir frekar einsleitan félagslegan bakgrunn áhangenda Teboðshreyfingarinnar má sjá að hreyfingin sjálf er þó skipuð fjölbreyttum hópi fólks, sjálfstæðra stjórnmalahreyfinga, baráttuhópa, fjölmiðlamanna og stjórnmalaleiðtoga. Þessir aðilar mynda í sameiningu Teboðshreyfinguna, koma fram fyrir hennar hönd og drífa hana áfram. En hvað er það nákvæmlega sem að hreyfingin stendur fyrir?

### 3.3 Hugmyndafræði, helstu stefnumál og orðræða innan Teboðshreyfingarinnar

Nokkrir fræðimenn og aðrir sjálfskipaðir spekingar hafa sagt erfitt að staðsetja Teboðshreyfinguna nákvæmlega á hægri ás stjórnmalakvarðans. Þeir telja flesta áhangendur Teboðshreyfingarinnar vera óstöðuga kjósendur (e. swing voters) eða jafnvel alveg óháða flokkum (e. independents). Allar slíkar ályktanir ætti þó að taka varlega því að staðreyndir sýna annað.

Sama hvað stuðningsmönnum og meðlimum Teboðshreyfingarinnar þykir um Repúblikanaflokkinn eða einstaka frambjóðendur hans kjósa þeir í flestum tilvikum verstu óvini óvina sinna; hægrisinnaða repúblikana.<sup>98</sup> Í könnun sem gerð var á vegum Gallup í júlí 2010 kom í ljós að 62% áhangenda Teboðshreyfingarinnar töldu sig vera íhaldssama repúblikana (e. Conservative Republicans).<sup>99</sup> Aðrar kannanir hafa síðan leitt í ljós að áhangendur Teboðshreyfingarinnar eru töluvert hægrisinnaðri en þeir sem standa þeim næst. Þeir áhangendur sem ekki skilgreina sig sem repúblikana eru nær aldrei demókratar eða miðjumenn. Þeir skilgreina sig frekar sem frjálshyggjumenn af sama toga og Ron Paul (e. Ron Paul Libertarians) eða jafnvel handan hinna hægrisinnaðustu innan Repúblikanaflokksins. Þá virðast áhangendur Teboðshreyfingarinnar vera marktækt neikvæðari í garð Obama heldur en aðrir íhaldsmenn eða repúblikanar. Demókratar virðast því eiga litla von um að ná stuðningi áhangenda Teboðshreyfingarinnar, sérstaklega ekki á meðan Barack Obama gegnir forsetaembættinu.<sup>100</sup>

Þeir áhangendur Teboðshreyfingarinnar sem þær Skocpol og Williamson ræddu við í rannsóknnum sínum töldu flestir ekki æskilegt að stofna formlegan flokk í nafni hennar. Vildu þeir ekki kljúfa hægri vænginn og veita þar með demókrötum brautargengi heldur *treysta stöðir* Repúblikanaflokksins, tryggja hægrimönnum valdastöður og koma Obama úr forsetaembættinu. Til þess að ná þessum markmiðum þurfa áhangendur

<sup>98</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 27.

<sup>99</sup> Frank Newport, „Tea Party Supporters Overlap Republican Base.“ *Gallup*, 2. júlí 2010.

<http://www.gallup.com/poll/141098/tea-party-supporters-overlap-republican-base.aspx> (sótt 15. apríl, 2012).

<sup>100</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 28.

Teboðshreyfingarinnar að kjósa íhaldssömustu repúblíkana til embættisstarfa sem vól er á.<sup>101</sup> Þessar niðurstöður þeirra Skocpol og Williamson ríma ágætlega við umræðuna í kaflanum hér á undan um kosningakerfið og sálfræðileg áhrif þess á kjósendur.

Áhangendur Teboðshreyfingarinnar eru mjög mótfallnir skattahækkunum af hvaða tagi sem er, mun meira en aðrir repúblíkanar. Emily McClintock Ekins komst til að mynda að því, í rannsókn sinni á Teboðshreyfingunni, að um 80% áhangenda Teboðshreyfingarinnar eru mótfallnir sérstökum hátekjuskatti á fólk með yfir 250.000 dali í árslaun á móti 56% annarra repúblíkana. Áhangendur Teboðshreyfingarinnar óttast einmitt sérstaklega að stjórnvöld muni frekar hækka skatta á þá sem eru vel stæðir í kjölfar fjármálakrísunnar.<sup>102</sup> Þó svo að áhangendur Teboðshreyfingarinnar standi margir hverjir vel að vígi í þessum efnahagsþrengingum eru þeir þó manna svartsýnastir um efnahagsástandið. Þeir óttast um eftirlaunasjóði sína, fjárfestingar, fasteignir og annað það sem þeir telja þrotlausu vinnu og hagsýni hafa skilað þeim yfir ævina. Þær Skocpol og Williamson leiða að því líkur að einmitt sökum þessa telji margir áhangendur Teboðshreyfingarinnar að dugnaður sé ekki lengur metinn að verðleikum í Bandaríkjunum.<sup>103</sup>

Þó svo að fjöldi fólks sameinist undir merkjum Teboðshreyfingarinnar þýðir það ekki að það hafi allt sömu gildi. Rúmlega helmingur áhangenda Teboðshreyfingarinnar eru það sem kalla má félagslegir íhaldsmenn (e. social conservatives). Þeim er mikið í mun að fjalla um ýmis menningar- og siðferðisleg álitmál og eru til að mynda mótfallnir fóstureyðingum, hjónaböndum samkynhneigðra og hafa áhyggjur af því hvaða áhrif innflytjendastraumurinn hafi á menningarlega samloðun bandaríksk þjóðfélags. Í kringum 45% áhangenda Teboðshreyfingarinnar skilgreina sig sem frjálshyggjumenn.<sup>104</sup> Þessi hópur kemur úr ýmsum áttum en flestir eru þeir aðdáendur og stuðningsmenn Ron Paul. Þeir vilja algjört einstaklingsfrelsi og telja réttast að Teboðshreyfingin einbeiti sér eingöngu að efnahagsmálum. Skiljanlega getur orðið talsverður núningur á milli þessara tveggja hópa innan hreyfingarinnar, sérstaklega þegar kemur að trúmálum og þeim málum sem fjalla um það að hve miklu leyti hið opinbera skuli hlutast í einkalíf fólks.<sup>105</sup>

Eins og sjá má eru fjölmörg atriði sem lita orðræðuna á meðal áhangenda Teboðshreyfingarinnar og því ómögulegt að gera þeim öllum skil hér. Fimm atriði virðast þó vera áhangendum Teboðshreyfingarinnar hvað mest hugleikin, samkvæmt heimasíðum

---

<sup>101</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 29.

<sup>102</sup> Emily McClintock Ekins, *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*, 31.

<sup>103</sup> Sama heimild, 30.

<sup>104</sup> Sama heimild.

<sup>105</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 35.

teboðshreyfinga vítt og breitt um Bandaríkin. Í fyrsta lagi leggja áhangendur hreyfingarinnar mikla áherslu á þau gildi sem sett voru fram í stjórnarskrá Bandaríkjanna árið 1788. Þeir tala fyrir íhaldssamri túlkun á stjórnarskránni og telja hana til dæmis beinlínis segja til um takmarkað ríkisvald og að valdið skuli liggja hjá fólkinu, samanber upphafssetningu stjórnarskrárinnar: „We the People of the United States.“<sup>106</sup> Þó gætir þversagna á meðal áhangenda hreyfingarinnar hvað þetta varðar. Flestir vilja þeir lítil sem engin afskipti hins opinbera í viðskiptum en aftur á móti vilja þeir flestir að hið opinbera beiti sér í auknum mæli gegn ólöglegum innflytjendum og fyrir „hefðbundnum fjölskyldugildum.“<sup>107</sup> Í öðru lagi tala áhangendur Teboðshreyfingarinnar fyrir ábyrgri fjármálastefnu (e. fiscal responsibility). Þannig vilja þeir halda skattheimtu og útgjöldum hins opinbera í lágmarki.<sup>108</sup> Í þriðja lagi vilja áhangendur Teboðshreyfingarinnar tryggja frjáls viðskipti. Þeir telja að afskipti hins opinbera af hinum frjálsa markaði sé ein meginástæða efnahagskreppunnar sem skall á árið 2008 og að nauðsynlegt sé að bregðast við henni með því gefa hinum frjálsa markaði lausan tauminn að nýju.<sup>109</sup> Í fjórða lagi eru ýmis félags- og siðferðismál iðulega til umræðu á meðal áhangenda Teboðshreyfingarinnar. Hin „hefðbundnu fjölskyldugildi“, sem nefnd voru hér að framan, eru til að mynda mörgum áhangendum hreyfingarinnar hugleikin sem og innflytjendavandamál landsins.<sup>110</sup>

Í fimmta og síðasta lagi er fertugasti og fjórði forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, eitt upphalds umræðuefni áhangenda Teboðshreyfingarinnar. Líkt og áður hefur verið fjallað um eru þeir síður en svo aðdáendur hans og það af ýmsum ástæðum. Sumir áhangendur Teboðshreyfingarinnar hafa ýmist haldið því fram að hann sé múslimi, kommúnisti, nasisti eða jafnvel ekki „alvöru Bandaríkjamaður.“ Fleiri segjast þó einfaldlega ekki skilja Obama eða geta tengt sig við hann á nokkurn hátt. Áhangendur hreyfingarinnar treysta honum ekki og vegna menntunar hans og fortíðar sem prófessors telja margir hann til hinnar svokölluðu gáfumannaelítu Bandaríkjanna, nokkuð sem þykir ekki fýsilegt á meðal áhangenda Teboðshreyfingarinnar.<sup>111</sup> Þar sem eitt af aðalstefnumálum Teboðshreyfingarinnar snýst um að draga úr útgjöldum hins opinbera líkaði áhangendum hreyfingarinnar ekki vel við heilbrigðisfrumvarp Obama sem varð að lögum í upphafi árs 2010. Frumvarpið, sem gárungar innan Teboðshreyfingarinnar hafa kallað „Obamacare“, felur í sér aukin útgjöld og

---

<sup>106</sup> Tea Party Patriots, „About Tea Party Patriots,“ <http://www.teapartypatriots.org/about/> (sótt 20. mars, 2012).

<sup>107</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 56.

<sup>108</sup> Tea Party Patriots, „About Tea Party Patriots.“

<sup>109</sup> Sama heimild.

<sup>110</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 71 og [TeaParty.org](http://www.teaparty.org/about.php), „What is the Tea Party?“ <http://www.teaparty.org/about.php> (sótt 20. mars, 2012).

<sup>111</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 78-79.

skattheimtur á vegum ríkisins. Hafa áhangendur hreyfingarinnar barist harkalega gegn því og sagt það brjóta í bága við stjórnarskrána.<sup>112</sup>

Þetta eru aðeins helstu atriði í orðræðu innan Teboðshreyfingarinnar en þó svo að meðlimir Teboðshreyfingarinnar hafi lagt fram margar mismunandi kröfur er ein þeirra miðlæg í allri umræðu innan hreyfingarinnar; krafan um að „endurheimta landið“.<sup>113</sup> Ljóst er að Teboðshreyfingin hefur hlotið umtalsverða athygli síðustu misseri, bæði á meðal repúblikana sem og á almennum bandarískum stjórnmálavettvangi. Hvað sem fólki finnst um Teboðshreyfinguna kom hún eins og ferskur andblær inn í stjórnmálin árið 2009 og á undraverðum hraða hefur hún náð miklu fylgi á meðal repúblikana sem og óháðra. Það ætti því ekki að koma á óvart ef að orðræða á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins bæri keim af orðræðu Teboðshreyfingarinnar.

---

<sup>112</sup> Sjá til dæmis í Michele Bachmann, *Core of Conviction – My Story*. (New York: The Penguin Group, 2011) 179.

<sup>113</sup> Skocpol og Williamson, *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*, 7.

## 4 Orðræða frambjóðenda

Í þessum kafla verður lögð áhersla á að skoða hvort að áðurnefnda orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina í orðræðu frambjóðenda Repúblikanaflokksins, og ef svo er, að hvaða leyti. Nauðsynlegt er að afmarka efnið þar sem frambjóðendur flokksins hafa verið fjölmargir síðan Teboðshreyfingin leit dagsins ljós og áherslumál þeirra, eftir því, æði mörg. Því verður leitast við að greina orðræðu í aðdraganda útnefningar Repúblikanaflokksins á forsetaefni hans fyrir forsetakosningarnar 2012. Þessar kosningar eru áhugavert og mikilvægt dæmi vegna þess að eru þær eru nýjustu kosningarnar sem tengjast hreyfingunni með einhverjum hætti en líka vegna þess að verið að kjósa um valdamesta embætti landsins. Sérstakri athygli verður beint að því að greina orðræðu fyrrnefnds áhrifafólks innan Teboðshreyfingarinnar, þeirra Söruh Palin, Michele Bachmann og Ron Paul. Öll hafa þau verið áberandi við forkosningarnar, ýmist sem mögulegir eða eiginlegir frambjóðendur flokksins. Með þessari greiningu verður hægt að skoða með hvaða hætti orðræða í anda Teboðshreyfingarinnar hafi verið áberandi í þessum mikilvægu kosningum.

Orðræða þessara þriggja „leiðtoga Teboðshreyfingarinnar“ verður borin saman við orðræðu Mitt Romney, en hann er nú nánast öruggur með tilnefningu Repúblikanaflokksins.<sup>114</sup> Romney hefur verið harðlega gagnrýndur af áhangendum Teboðshreyfingarinnar fyrir það að vera ekki nógu íhaldssamur og því er áhugavert að skoða hvort að hann hafi mögulega brugðist við þeirri gagnrýni með því að tengja orðræðu sína betur við orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar. Þannig verður hægt að skoða að hvaða leyti orðræða í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina hjá þeim Palin, Bachmann og Paul og hvort að orðræðu í svipuðum anda megi nú finna hjá Mitt Romney.

Líkt og kom fram í kaflanum hér að framan eru stefnumál Teboðshreyfingarinnar af ýmsu tagi og því af nógu að taka. Hér verður einblínt á að greina orðræðu þessara aðila er tengist umdeildum félagsmálum (e. social issues), svo sem fóstureyðingum og hjónaböndum samkynhneigðra sem og orðræðu er tengist hinu umdeilda heilbrigðisfrumvarpi Obama. Þessi mál hafa verið hvað mest áberandi í orðræðu áhangenda Teboðshreyfingarinnar í aðdraganda kosninganna, enda tengjast þau öll að einhverju leyti þeirra helstu hugðarefnum um íhaldssama túlkun stjórnarskrárinnar, ábyrga fjármálastefnu, frjáls viðspti, „hefðbundin

---

<sup>114</sup> Þó svo að þeir Rick Santorum og Newt Gingrich tengist báðir að vissu leyti Teboðshreyfingunni og hafi gengið nokkuð vel í forkosningum flokksins, var ákveðið að nota orðræðu þeirra ekki sem dæmi í ritgerðinni. Þeir voru minna áberandi en þau Palin, Bachmann og Paul framan af í kosningabaráttunni og voru því ekki jafn áberandi við mótun orðræðunnar í kringum kosningarnar.

fjölskyldugildi“ og andúð á forsetanum. Því er áhugavert að skoða hvort að orðræða helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar liti orðræðu frambjóðenda flokksins. Við greininguna verður stuðst við ummæli sem þau Palin, Bachmann, Paul og Romney hafa látið falla, ýmist í ræðu eða riti, um þessi málefni.

#### 4.1 Forkosningar Repúblíkanaflokksins 2012

Fyrsta kjörtímabil Barack Obama líður nú senn undir lok og ekki er öruggt að hann hljóti endurkjör. Slæmt efnahagsástand Bandaríkjanna spilar þar stórt hlutverk en líkt og greint var frá hér að framan hefur Obama sætt mikilli gagnrýni af hálfu repúblíkana, og þá sér í lagi áhangendum Teboðshreyfingarinnar, fyrir viðbrögð sín við ástandinu. Repúblíkanar líta á forsetakosningarnar 2012 sem tækifæri til að koma Obama frá völdum og um leið hverfa frá efnahagsstefnu hans.<sup>115</sup> Fjölmargir hafa keppt um að hreppa útnefningu Repúblíkanaflokksins sem forsetaefni hans í kosningunum sem fram fara í nóvember á þessu ári. Þeirra á meðal eru þau Michele Bachmann og Ron Paul. Eins og áður kom fram dró Bachmann þó framboð sitt til baka í janúar, en hún hafði fram að því verið áberandi í kapphlaupinu.<sup>116</sup> Sarah Palin var að sama skapi lengi vel orðuð við framboð en tilkynnti í október árið 2011 að hún myndi ekki sækjast eftir útnefningu Repúblíkanaflokksins.<sup>117</sup> Hún hefur þó verið mjög áberandi í aðdraganda forkosninganna, haft mikil áhrif á umræðuna og ekki legið á skoðunum sínum.

Þegar þetta er skrifað keppast enn þrír frambjóðendur um útnefningu flokksins. Þetta eru þeir Mitt Romney, Newt Gingrich og Ron Paul. Næsta víst er að Mitt Romney sé þó orðinn öruggur með útnefningu Repúblíkanaflokksins sem forsetaefni hans. Í forkosningum flokksins vítt og breitt um Bandaríkin síðustu mánuði hefur hann náð ríflega helmingi þeirra kjörmannanna sem nauðsynlegt er að hafa til þess að hreppa útnefninguna og Rick Santorum, sá frambjóðandi sem veitti honum harðasta samkeppni, dró fyrir skemmstu framboð sitt til baka.<sup>118</sup>

---

<sup>115</sup> Jon Decker, „The GOP’s 2012 Field,“ *Policy Review* 168 (2011): 23.

<sup>116</sup> Bill Nichols, „Iowa caucus results shake up GOP field: Rick Perry goes to South Carolina, Michele Bachmann goes home,“ *Politico*, 4. janúar 2012. <http://www.politico.com/news/stories/0112/71079.html> (sótt 3. apríl, 2012).

<sup>117</sup> MacAskill, „Sarah Palin will not run for president in 2012,“ *theguardian*, 6. október, 2012.

<sup>118</sup> Maggie Haberman, „5 takeaways from Tuesday’s primaries,“ *Politico*, 4. apríl, 2012, <http://www.politico.com/news/stories/0412/74816.html> (sótt 8. apríl, 2012) og Sam Stein, „Rick Santorum Drops Out: GOP Presidential Candidate Suspends 2012 Campaign,“ *The Huffington Post*, 10. apríl, 2012. [http://www.huffingtonpost.com/2012/04/10/rick-santorum-drops-out-2012-race\\_n\\_1415372.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/04/10/rick-santorum-drops-out-2012-race_n_1415372.html) (sótt 15. apríl, 2012).



Þó svo að Romney sé nú nánast öruggur með útnefninguna hefur honum þó ekki tekist að heilla flokksbræður sína og systur upp úr skónum. Romney, sem er fyrrum ríkisstjóri Massachusetts, hefur verið gagnrýndur fyrir ýmislegt. Hann hefur til að mynda verið gagnrýndur fyrir mormónatrú sína og gríðarleg auðæfi en líka fyrir það að vera ekki nógu íhaldssamur, eins og áður kom fram.<sup>119</sup> Þá hefur hann mikið verið gagnrýndur af repúblikönnum fyrir heilbrigðisfrumvarp sem hann samþykkti þegar hann var ríkisstjóri í Massachusetts og minnir um margt á heilbrigðisfrumvarp Obama. Frumvarp þetta hefur oft verið nefnt „Romneycare“ og segja sumir það vera undanfara Obamacare. Þó svo að Romney hafi sagst vilja ógilda lögin um Obamacare virðast repúblíkanar eiga erfitt með að treysta honum til þess vegna Romneycare.<sup>120</sup> Þá hefur Romney að sama skapi verið ásakaður um að haga seglum eftir vindi þegar kemur að því að tjá afstöðu sína til málefna eins og fóstureyðinga.<sup>121</sup> Af öllu þessu er ljóst að Romney hefur átt fullt í fangi með að sannfæra flokkssystem sína og þá sérstaklega áhangendur Teboðshreyfingarinnar, um eigið ágæti og að hann sé verðugur útnefningunni.

## 4.2 Félagsleg álitamál

Félagsleg álitamál (e. social issues) á borð við fóstureyðingar og hjónabönd samkynhneigðra hafa löngum valdið titringi í bandarískum stjórnámálum. Líkt og rakið hefur verið hér að framan gefa margir íhaldssamir áhangendur Teboðshreyfingarinnar sig út fyrir að vera fylgjandi lífi eða á móti fóstureyðingum og barist fyrir rétti ófæddra barna til lífs. Þá hafa þeir að sama skapi verið mótfallnir hjónaböndum samkynhneigðra og telja hjónaband aðeins geta verið á milli karls og konu. Hér á eftir verður varpað ljósi á þá orðræðu sem þau Sarah Palin, Michele Bachmann og Ron Paul hafa haldið uppi um þessi álitamál síðustu misseri og hún borin saman við orðræðu Mitt Romney í aðdraganda forsetakosninganna árið 2012.

### 4.2.1 Að vera fylgjandi lífi - Fóstureyðingar

Sarah Palin hefur ekki legið á skoðunum sínum þegar kemur að því að ræða fóstureyðingar. Hún er þeim mjög mótfallin og sagðist til að mynda í bók sinn *Going Rogue*, sem kom út árið 2009, ekki styðja fóstureyðingar þó svo að móðurinni hefði verið nauðgað; hún myndi alltaf

---

<sup>119</sup> Ruben Navarette Jr., „Why Republicans don't like Mitt Romney,“ *San Fransisco Chronicle*, 11. janúar, 2012, <http://www.sfgate.com/cgi-bin/article.cgi?f=/c/a/2012/01/10/ED2F1MNFB5.DTL> (sótt 1. apríl, 2012).

<sup>120</sup> Decker, „The GOP's 2012 Field,“ *Policy Review* 168 (2011): 25.

<sup>121</sup> Steve Tobak, „Why most Republicans don't like Romney,“ *CBSNEWS*, 31. mars, 2011, [http://www.cbsnews.com/8301-505125\\_162-57333404/why-most-republicans-dont-like-romney/](http://www.cbsnews.com/8301-505125_162-57333404/why-most-republicans-dont-like-romney/) (sótt 1. apríl, 2012).

velja líf.<sup>122</sup> Á nýafstaðinni ráðstefnu íhaldsmanna í Bandaríkjunum, *Conservative Action Political Conference* eða CPAC, hafði Palin þetta að segja um fóstureyðingar: „Forsettinn trúir því að skattpeningarnir ykkar eigi að fjármagna „Planned Parenthood“. Við trúum því... að öll börn séu sköpuð jöfn, með réttinn til lífs og ég bið ykkur að standa upp fyrir þeim sem geta ekki staðið sjálfir, ef ekki við, þá hver?“<sup>123</sup> Þarna nefndi Palin samtökin „Planned Parenthood“ sem styðja rétt einstaklinga til að taka upplýstar ákvarðanir um stofnun fjölskyldu. Samtökin eru því það sem kalla má að vera fylgjandi vali.<sup>124</sup> Þessi stefna samtakanna samrýmist augljóslega ekki skoðunum Palin og telur hún rangt að slík samtök séu styrkt með ríkisfé. Repúblíkanar lögðu reyndar fram frumvarp fyrir Bandaríkjaþing haustið 2011, þar sem lagt var til að ríkið léti af stuðningi við samtök á borð við Planned Parenthood. Frumvarpið var samþykkt í fulltrúadeildinni, þar sem repúblíkanar eru í meirihluta, en fellt í öldungadeildinni þar sem demókratar eru í meirihluta.<sup>125</sup>

Michele Bachmann hefur svipaðar skoðingar og Sarah Palin á þessum málum. Hún tjáði skoðanir sínar á málinu í bók sinni *Core of Conviction* sem kom út árið 2011:

Afhverju ætti ríkisstjórnin okkar að lögleiða það að taka lífið af ófæddu barni? Afhverju ætti ekki að segja ungri konu í fóstureyðingarhugleiðingum frá hinum neikvæðu afleiðingum fóstureyðinga, bæði tilfinningalegum og líkamlegum? Hvernig gæti einhver drepíð lítið barn? Hvernig gæti slíkur glæpur verið leyfður? Ég hef gífurlega samúð með ógiftum mæðrum... með þeim sem lifa í efa og ótta um framtíðina; það er skylda okkar hinna til að hjálpa þeim. Við Marcus kusum að gera það. Við buðum fram ráðgjöf og vináttu til óléttra kvenna sem höfðu ekki skipulagt barneignir.<sup>126</sup>

Líkt og sjá má er Bachmann mjög mótfallin fóstureyðingum og telur þær í raun vera *morð*. Hún, líkt og aðrir félagslegir íhaldsmenn, telur að öll börn hafi rétt til lífs og að leggja skuli áherslu á að hjálpa þeim óléttu konum sem hafa ekki tök á því að eiga börn. Sjálf hefur hún,

---

<sup>122</sup> Sarah Palin, *Going Rogue: An American Life*, (New York: HarperCollins, 2009) 115-116.

<sup>123</sup> “The president believes that your tax dollars should subsidize „Planned Parenthood“. We believe... that every child is created equal, with that right to life and I ask you to stand up for those who cannot stand themselves, if not us, then who?” – Sarah Palin, inngangsræða á landsfundi íhaldsmanna (e. Conservative Political Action Conference).

<sup>124</sup> Planned Parenthood, „Who We Are,“ <http://www.plannedparenthood.org/about-us/who-we-are-4648.htm> (sótt 8. apríl, 2012).

<sup>125</sup> Steven Ertelt, „New House GOP Bill De-Funds Planned Parenthood Abortion Biz,“ *LifeNews.Com*, 3. október, 2011.

<sup>126</sup> “Why would our government legalize taking the life of an unborn baby? Why should an abortion-minded young woman not be told of the negative emotional and physical repercussions she would face as the result of an abortion? How could anyone kill a little baby? How could such a crime be allowed? I have enormous sympathy for unwed mothers... for those who live with doubt and fear of the future; it is the duty of the rest of us to help them. Which Marcus and I chose to do. We reached out to offer counsel and friendship to women in unplanned pregnancies.” - Michele Bachmann, *Core of Conviction – My Story*, 47.

og Marcus, eiginmaður hennar, lagt mikið upp úr þessu og hafa sjálf tekið að sér 23 fósturbörn í gegnum tíðina. Bachmann segist vera 100% fylgjandi lífi:

Ég hef fætt fimm börn og tekið 23 fósturbörn inn á heimilið mitt. Ég trú á heiður lífsins frá getnaði til náttúrulegs dauðdaga. Ég trú á friðhelgi mannlegs lífs. Sjálfstæðisyfirlýsing okkar sagði að við hefðum þegið í vöggugjöf... óglatanleg réttindi frá Guði, ekki stjórnvöldum. Og fyrst þessara réttinda er lífið. Og ég stend fyrir þann rétt. Ég stend fyrir réttinn til lífs.<sup>127</sup>

Hér vitnar Bachmann í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna þar sem segir að „...allir menn eru skapaðir jafnir, að þeir hafa hlotið í vöggugjöf frá skapara sínum ákveðin réttindi, að á meðal þessara réttinda eru rétturinn til lífs, frelsis og leitarinnar að hamingju.“<sup>128</sup> Hún leggur sama skapi áherslu á þá trú sína að Guð skapi alla menn jafna og að allir eigi þannig að hafa rétt til lífs. Andstæðingar fóstureyðinga í Bandaríkjunum grípa einmitt oft til þessara tveggja röksemda máli sínu til stuðnings.

Ron Paul tekur eilítið aðra afstöðu til fóstureyðinga en flokkssystur hans tvær. Eins og áður hefur verið greint frá tilheyrir Ron Paul frjálslyggjuarmi Teboðshreyfingarinnar og vill hann sem minnst afskipti alríkisins af einkalífi fólks. Sjálfur er hann mótfallinn fóstureyðingum, líkt og kemur fram í bók hans *Liberty Defined* sem kom út árið 2011: „Sumt fólk trúir því að það að vera fylgjandi vali sé að vera fylgjandi frelsi. Ég hef aldrei skilið hvernig það að drepa manneskju, enda þótt lítil sé og á sérstökum stað, sé túlkað sem dýrmæt réttindi.“<sup>129</sup> Þó svo að Paul sé sjálfur yfirlýstur andstæðingur fóstureyðinga telur hann það ekki vera á hendi alríkisins að banna eða leyfa fóstureyðingar. Paul lýsir þannig andstöðu sinni við dómi (Roe v. Wade) sem féll í Hæstarétti Bandaríkjanna, árið 1973, sem staðfesti rétt kvenna til fóstureyðinga í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Hann telur það vera skyldu ríkjanna sjálfra að vernda sérhverja manneskju fyrir ofbeldi, þar með talin ófædd börn fyrir fóstureyðingum.<sup>130</sup> Paul segist einmitt hafa mælt fyrir löggjöf sem takmarka myndi valdsvið alríkisdómsstólsins yfir fóstureyðingum og gera ríkjunum kleift að setja á bann við þeim.

<sup>127</sup> “I’ve given birth to five babies, an I’ve taken 23 foster children into my home. I believe in the dignity of life from conception until natural death. I believe in the sanctity of human life. Our Declaration of Independence said it’s a creator who endowed us with inalienable rights given to us from God, not from government. And the first of those rights is life. And I stand for that right. I stand for the right to life.” – Michele Bachmann, kappræður vegna forkosninga Repúblíkanaflokksins, *OnTheIssues*. Manchester, New Hampshire, 13. júní, 2011, [http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_Anselm\\_Michele\\_Bachmann.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_Anselm_Michele_Bachmann.htm) (sótt 9. apríl, 2012).

<sup>128</sup> “...that all men are created equal, that they are endowed by their Creator with certain unalienable Rights, that among these are Life, Liberty and the pursuit of Happiness.” - Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna, 4. júlí, 1776, *The Charters of Freedom*, [http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration\\_transcript.html](http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration_transcript.html) (sótt 7. apríl, 2012).

<sup>129</sup> “Some people believe that being pro-choice is being on the side of freedom. I’ve never understood how killing a human being, albeit a small one in a special place, is portrayed as a precious right.” – Ron Paul, *Liberty Defined: 50 Essential Issues That Affect Our Freedom* (New York: Grand Central Publishing, 2011) 1.

<sup>130</sup> Sama heimild, 2, 6-7.

Hann tekur það þó fram að slíkt muni ekki stoppa allar fóstureyðingar; það geti aðeins orðið í sannarlega síðuðu samfélagi. Paul telur að þeir sem eru fylgjandi lífi en ósammála þessari leið hans beri ekki nægilega virðingu fyrir lögum og reglum, þá sér í lagi stjórnarskránni.<sup>131</sup>

Líkt og sjá má eru þau Sarah Palin, Michele Bachmann og Ron Paul öll eindregið á móti fóstureyðingum og hafa ítrekað viðrað þær skoðanir. Ummæli þeirra Palin og Bachmann um fóstureyðingar bera sterkan keim af sjónarmiðum félagslegra íhaldsmanna hvað þetta varðar og vilja þær að alríkið beiti sér fyrir að útrýma þeim. Paul tekur undir með flokkssysturum sínum hvað varðar andstöðu við fóstureyðingar en eins og sönnum frjálshyggjumanni sæmir telur hann ekki rétt að alríkið skipti sér af slíku.

#### 4.2.2 „Varðandi fóstureyðingar, þá skipti ég um skoðun“ - Romney og fóstureyðingar

Eins og áður hefur verið vikið að hefur Mitt Romney sætt gagnrýni flokkssystkina sinna fyrir að vera ekki nógu íhaldssamur og haga seglum eftir vindi. Afstaða hans til fóstureyðinga er eitt af þeim málum sem hann hefur hlotið gagnrýni fyrir af félagslegum íhaldsmönnum. Þó svo að hann segist vera fylgjandi lífi, og þar með mótfallinn fóstureyðingum, hafa ýmsar gjörðir hans í gegnum tíðina komið illa við andstæðinga fóstureyðinga. Í gagnabanka á vegum andstæðinga fóstureyðinga á netinu, *Prolife Profiles*, er Romney mikið gagnrýndur fyrir að gera eitt en segja annað. Þar er til að mynda tekið fram að með því að samþykkja heilbrigðisfrumvarpið í heimaríki sínu Massachusetts, áður nefnt „Romneycare“, hafi Romney lagt blessun sína yfir fóstureyðingar kostaðar af skattgreiðendum ríkisins. Þá er þar rakið hvernig hann hefur sveiflast til og frá í afstöðu sinni til fóstureyðinga síðasta áratuginn.<sup>132</sup> Romney hefur því átt fullt í fangi með að sannfæra flokkssystkini sín og þá sérstaklega hinn félagslega íhaldsarm Teboðshreyfingarinnar um afstöðu sína gegn fóstureyðingum. Í kappræðum fyrir forkosningar Repúblíkanaflokksins, þann 15. desember 2011, var Romney spurður út í breytta afstöðu sína til fóstureyðinga.

Varðandi fóstureyðingar, þá skipti ég um skoðun. Varðandi fóstureyðingar þá upplifði ég það að taka við embætti, bjóða mig fram sem ríkisstjóri, og segja „veistu, ég ætla að halda lögunum eins og þau eru í ríkinu.“ Þetta voru lög sem voru fylgjandi vali þannig að eðlinu samkvæmt varð ég fylgjandi vali... Ég hef lært með tímanum, líkt og Ronald Reagan og George Herbert Walker Bush og fleiri, reynsla mín í gegnum lífið... hefur kennt mér að stundum hef ég haft rangt fyrir mér. Þar sem ég hef haft rangt fyrir mér hef ég reynt að leiðrétta mig.<sup>133</sup>

<sup>131</sup> Ron Paul, *Liberty Defined: 50 Essential Issues That Affect Our Freedom*, 6-7.

<sup>132</sup> Prolife Profiles, „Mitt Romney,“ <http://prolifeprofiles.com/mitt-romney-abortion> (sótt 11. apríl, 2012).

<sup>133</sup> “With regards to abortion, I changed my mind. With regards to abortion, I had the experience of coming in to office, running for governor, saying, you know, I’m going to keep the laws as they exist in the state.” “And they were pro-choice laws, so effectively I was pro-choice.” I’ve learned over time, like Ronald Reagan and George

Á nýafstaðinni ráðstefnu íhaldsmanna í Bandaríkjunum, CPAC, sem nefnd var hér að framan, mátti sömuleiðis vel merkja tilraunir Romney til að sanna sig sem alvöru íhaldsmann og fjallaði hann þar, til að mynda, um störf sín sem ríkisstjóri Massachusetts:

Þann tíma sem ég sat í embætti stóð ég líka upp í hárinu á þeim sem vefengja skilgreininguna á sjálfu lífinu. Ég beitti neitunarvaldi gegn frumvarpi sem hefði opnað dyrnar fyrir klónun og fósturvísa búskap. Ég beitti neitunarvaldi gegn frumvarpi sem hefði gert ungum stúlkum kleift að verða sér úti um lyf sem knýja fram fósturlát. Ég barðist fyrir skírlífisfræðslu í skólunum okkar. Og ég varði rétt kaþólsku kirkjunnar til að þjóna samfélaginu á þann hátt sem samræmist þeirra samvisku í gegnum ættleiðingar sem koma börnum fyrir á heimilum með móður og föður... Ég var ákaflega íhaldssamur ríkisstjóri repúblikana.<sup>134</sup>

Með þessum ummælum sínum má telja nokkuð ljóst að Romney hafi verið að reyna að heilla hina íhaldssömu samkomu og beina athygli þeirra að þeim gjörðum sínum sem hafa miðað að því að verja „heilagleika lífsins“, frekar en hinum.

Í dag segist Romney vera algjörlega fylgjandi lífi og að hann ætli sér að vernda „heilagleika lífsins“ sem forseti Bandaríkjanna. Þá hefur hann líka lýst því yfir að hljóti hann útnefningu flokksins muni varaforsetaefni hans líka vera félagslegur íhaldsmaður.<sup>135</sup> Af framangreindu er ljóst að orðræða Romney hvað fóstureyðingar varðar virðist, að mörgu leyti vera orðin nokkuð lík orðræðu þeirra Palin, Bachmann og Paul og má ætla að hann sé þannig að bregðast við þeirri gagnrýni sem félagslegir íhaldsmenn, á borð við áhangendur Teboðshreyfingarinnar, hafa sýnt honum varðandi afstöðu hans til fóstureyðinga.

### 4.2.3 Hin „hefðbundnu fjölskyldugildi“ - Hjónabönd samkynhneigðra

Líkt og með fóstureyðingar hefur Sarah Palin talað opinskátt um andstöðu sína við hjónaböndum samkynhneigðra. Þegar hún var í framboði til varaforseta Bandaríkjanna árið 2008, lýsti hún því til að mynda í viðtali við *CBN* fréttastöðina að hún hefði stutt stjórnarskrárbreytingar í heimaríki sínu, Alaska, um hjónabandið þar sem það var skilgreint

---

Herbert Walker Bush and others, my experience in life... has told me that sometimes I was wrong. Where I was wrong, I've tried to correct myself.” – Steven Ertelt, „Romney Defends His Pro-Life Conversion During GOP Debate,” *LifeNews.com*, 16. desember, 2011, <http://www.lifenews.com/2011/12/16/romney-defends-his-pro-life-conversion-during-gop-debate/> (sótt 11. apríl, 2012).

<sup>134</sup> “During my term in office I also stood up to those who wanted to call into question the very definition of life.

I vetoed a bill that would have opened the door to cloning and to embryo farming. I vetoed a bill that would've allowed young girls to obtain access to abortion-inducing drugs. I fought for abstinence education in our schools. And I defended the right of the Catholic Church to serve the community in ways that were consistent with their conscience through adoption programs that place children in a home with a mom and a dad... I was a severely conservative Republican governor.” – Mitt Romney, erindi á landsfundi íhaldsmanna, *The Huffington Post*, Washington, DC, 10. febrúar 2012, [http://www.huffingtonpost.com/2012/02/10/mitt-romney-cpac-speech-\\_n\\_1267820.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/02/10/mitt-romney-cpac-speech-_n_1267820.html) (sótt 9. apríl, 2012).

<sup>135</sup> Emily Friedman, „Romney Defends Conservative Values, Says Obama has ‘Secular Agenda’,” *abcNEWS*, 21. febrúar, 2012, <http://abcnews.go.com/blogs/politics/2012/02/romney-defends-conservative-values-says-obama-has-secular-agenda/> (sótt 11. apríl, 2012).

sem samband á milli karls og konu. Palin sagðist í viðtalinu óska þess að slíkt yrði gert á alríkisgrundvelli því að hún styddi ekki hjónaband samkynhneigðra.<sup>136</sup> Í sama viðtali sagðist Sarah þó ekki dæma þá einstaklinga sem hefðu aðrar skoðanir á málinu en myndi sjálf beita sér af öllu afli til að vernda hin „hefðbundnu fjölskyldugildi“.

Ég ætla ekki að dæma einstaklinga, sitja í dómarasætinu og segja fólki hvað það má og ekki má gera, ætti eða ætti ekki að gera. En ég get sannarlega sagt mína skoðun og gert hvað það sem ég trúir að sé best fyrir hið hefðbundna hjónaband og það er að greiða atkvæði og tala fyrir hinu hefðbundna hjónabandi, sem er undirstaða samfélags okkar, þessi sterka fjölskylda sem er byggð á hinni hefðbundnu skilgreiningu á hjónabandi...<sup>137</sup>

Þessi „hefðbundnu fjölskyldugildi“ eru mörgum íhaldssömum áhangendum Teboðshreyfingarinnar hugleikin. Nýlegra dæmi um andstöðu Palin við hjónaböndum samkynhneigðra er til dæmis ummæli hennar í viðtali í mars árið 2011. Þar sagðist hún alltaf hafa trú að hjónaband ætti að vera á milli karls og konu og að hún og meirihluti Bandaríkjamanna styddi „The Defense of Marriage Act“, eða lögin um verndun hjónabandsins. Þá lýsti hún yfir vanþóknun sinni á því að ríkisstjórn Obama hafi ákveðið að standa ekki vörð um þessi lög sem samþykkt voru af breiðfylkingu beggja flokka og undirrituð af forseta sem var demókrati. Sagði hún þetta svo sem ekki koma sér á óvart, forsetinn hefði verið gjarn á að skipta um skoðun síðan hann hlaut kjör.<sup>138</sup> Þarna vitnaði Palin til þeirrar yfirlýsingar Obama um að hann, og ríkisstjórn hans, hvorki geti né muni lengur verja lögin um verndun hjónabandsins, því að þau standist ekki stjórnarskrá landsins. Með lögnum, sem sett voru árið 1996, var hjónabandið skilgreint sem lögbundið samband á milli karls og konu.<sup>139</sup> Þessi yfirlýsing Obama um að ætla ekki lengur að standa vörð um hið „hefðbundna hjónaband“ virðist hafa komið afar illa við Palin og skín andúð hennar á forsetanum í gegnum orð hennar.

---

<sup>136</sup> Scott Conroy, „Palin Breaks With McCain on Gay Marriage Ban“, *CBSNEWS*, 20. Október, 2008, [http://www.cbsnews.com/8301-502443\\_162-4531945-502443.html](http://www.cbsnews.com/8301-502443_162-4531945-502443.html) (sótt 8. apríl, 2012) og David Brody, „Palin Signals Support for Federal Marriage Amendment.“ *CBN News – The Brody File*, 20. október, 2008. <http://blogs.cbn.com/thebrodyfile/archive/2008/10/20/palin-signals-support-for-federal-marriage-amendment.aspx> (sótt 8. apríl, 2012).

<sup>137</sup> “I’m not going to be out there judging individuals, sitting in a seat of judgment telling what they can and can’t do, should and should not do. But I certainly can express my own opinion here and take actions that I believe would be best for traditional marriage and that’s casting my votes and speaking up for traditional marriage that, that instrument that it’s the foundation of our society is that strong family and that’s based on that traditional definition of marriage...” - David Brody, „Palin Signals Support for Federal Marriage Amendment.“ *CBN News – The Brody File*, 20. október, 2008.

<sup>138</sup> Maggie Gallagher, „Sarah Palin Denounces Obama’s DOMA Decision“, *National Review Online*, 1. mars, 2011, <http://www.nationalreview.com/corner/261025/sarah-palin-denounces-obamas-doma-decision-maggie-gallagher> (sótt 7. apríl, 2012).

<sup>139</sup> The Huffington Post, „Obama: DOMA Unconstitutional, DOJ Should Stop Defining In Court“, *The Huffington Post*, 23. febrúar, 2011, [http://www.huffingtonpost.com/2011/02/23/obama-doma-unconstitutional\\_n\\_827134.html](http://www.huffingtonpost.com/2011/02/23/obama-doma-unconstitutional_n_827134.html) (sótt 6. Apríl, 2012).

Michele Bachmann hefur tekið í svipaðan streng og Palin hvað þetta varðar. Í kappræðum fyrir forkosningar Repúblikanaflokksins í Iowa í ágúst 2011, sagðist Bachmann til dæmis styðja breytingar á stjórnarskrá Bandaríkjanna þar sem hjónabandið yrði löglega skilgreint sem samband á milli karls og konu. Í heimaríki sínu, Minnesota, var Bachmann einn af höfundum tillögu um stjórnarskrárbreytingu sem bannaði hjónabönd samkynhneigðra. Þessu flaggaði hún ítrekað í kosningabaráttunni fyrir forkosningar Repúblikanaflokksins, áður en hún dró framboð sitt til baka. Í kappræðum í Iowa, í ágúst árið 2011 sagðist Bachmann muna vara sig á því að ráða ekki hlutdræga dómara, sem væru fylgjandi vali, í Hæstarétt Bandaríkjanna, næði hún kjöri sem forseti.<sup>140</sup> Í öðrum kappræðum sagðist Bachmann þó ekki ætla að reyna að breyta lögum í þeim ríkjum þar sem hjónabönd samkynhneigðra eru leyfileg, næði hún kjöri sem forseti. Sagði hún ekki telja það vera hlutverk forseta Bandaríkjanna að skipta sér af löggjöf einstakra ríkja.

...ég trúi á sjálfsákvörðunarrétt ríkjanna. Ég trúi því líka að hjónaband sé á milli karls og konu... Ég trúi því að fyrir börnin, að besta leiðin til að ala upp börn sé að hafa móður og föður í lífi sínu... Ég er í framboði til forseta Bandaríkjanna... ég get ekki séð að það sé hlutverk forsetans að fara inn í ríkin og skipta sér af löggjöf þeirra. Ég styð breytingar á stjórnarskránni um hjónaband á milli karls og konu, en ég myndi ekki fara inn í ríkin til að breyta þeirra lögum.<sup>141</sup>

Þrátt fyrir að Bachmann hafi þarna reynt að sannfæra fólk um það að hún myndi ekki reyna að breyta löggjöf einstakra ríkja, segist hún á sama tíma styðja breytingu á stjórnarskrá Bandaríkjanna um hjónabandið. Ef slík breyting yrði aftur á móti samþykkt myndi hún fella úr gildi þau lög einstakra ríkja sem heimila hjónabönd samkynhneigðra. Þarna skín aftur í gegn sú skoðun Bachmann um að hjónaband geti aðeins verið á milli karls og konu en hún bætir því við að hún telji að börnum sé fyrir bestu að alast upp í „hefðbundinni fjölskyldu.“ Bachmann virðist af framangreindu vera mjög mótfallin hjónaböndum samkynhneigðra og hefur hún beitt sér af öllu afli fyrir því að banna slíkt með lögum.

Ron Paul tekur svipaða afstöðu til hjónabanda samkynhneigðra og til fóstureyðinga. Þó svo að hann styðji ekki hjónabönd samkynhneigðra telur hann það ekki vera hlutverk ríkisins að skipta sér af þeim. Hann telur að í frjálsum þjóðfélagi eigi fólk að geta verið með

---

<sup>140</sup> Michele Bachmann, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *OnTheIssues*, Ames, Iowa, 11. ágúst, 2011, [http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_Straw\\_Poll\\_Michele\\_Bachmann.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_Straw_Poll_Michele_Bachmann.htm) (sótt 8. apríl, 2012).

<sup>141</sup> “... I do believe in self-determination for the states. I also believe that marriage is between a man and a woman... I believe that for the children, the best possible way to raise children is to have a mother and father in their life... I'm running for the presidency of the United States... I don't see that it's the role of a president to go into states and interfere with their state laws. I do support a constitutional amendment on marriage between a man and a woman, but I would not be going into the states to overturn their state law.” – Michele Bachmann, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *OnTheIssues*, Manchester, New Hampshire, 13. júní, 2011.

þeim sem það kys og að ekki eigi að þröngva gildum eins upp á aðra. Þá telur hann ekki sérstaka ástæðu til þess að skilgreina hjónaband sérstaklega í lögum því að allir viti hvað það þýði.<sup>142</sup> Andstæðingar Paul í þessum efnun hafa oft talið þessa afstöðu hans til hjónabanda samkynhneigðra vera til marks um það að hann sé þeim fylgjandi. Í nýlegum kappræðum hafði hann þetta að segja þegar hann var inntur eftir því hvort að hann mælti fyrir lögleiðingu hjónabanda samkynhneigðra:

...sjálfur hef ég verið í giftur í 54 ár núna. Ég tel að stjórnvöld ættu ekki að skipta sér af því. Ég tel að slíkt ætti að vera á hendi kirkjunnar, sem einkasamningur, og við ættum ekki að vera að rífast um hverjir eru giftir og hverjir ekki. Ég hef mína skoðun en ég ætti ekki að þröngva minni skoðun upp á aðra. Aðrir hafa sína skoðun og þeir hafa engan rétt til að þröngva þeirri skoðun sinni um hjónabandið upp á mig. En ef við viljum hafa eitthvað að segja um hjónabandið ætti það að vera á ríkjagrundvelli en ekki á alríkisgrundvelli. Tökum stjórnvöld út úr þessu. Þetta er málefni þar sem aðkoma stjórnvalda er algjörlega óþörf og aðkoma þeirra hefur aðeins valdið meiri vandræðum en nauðsynlegt er.<sup>143</sup>

Ríma þessar skoðanir Paul á hjónaböndum samkynhneigðra vel við þá hugmyndafræði sem frjálshyggjumenn innan Teboðshreyfingarinnar hafa beitt sér fyrir, það er, eins litlum afskiptum hins opinbera og kostur er. Paul trúir því að ríkið eigi ekki að vasast í einkalíf fólks eða setja um það lög og reglur og telur fráleitt að ætla að breyta stjórnarskránni til að koma í veg fyrir hjónabönd samkynhneigðra.

Af framangreindu má sjá að ákveðinn hugmyndafræðilegur munur ríkir á milli Ron Paul og kvennanna tveggja, enda kannski ekki skrítið; þær tilheyra félagslega íhaldsarmi Teboðshreyfingarinnar en hann frjálshyggjuarminum. Þær telja að hið opinbera eigi að standa vörð um hið „hefðbundna hjónaband“ og fjölskyldugildi með því að setja um það lög og reglur en Paul telur ríkið ekki eiga að skipta sér af einkalífi fólks. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að vera mótfallin hjónaböndum samkynhneigðra.

#### 4.2.4 Romney og hjónabönd samkynhneigðra

Mitt Romney hefur tekið svipaða afstöðu til hjónabanda samkynhneigðra og þau Palin, Bachmann og Paul. Hann telur hjónaband eiga að vera á milli karls og konu og hefur

---

<sup>142</sup> Ron Paul, viðtal í þættinum *Freedom Watch With Judge Napolitano*, FOX NEWS, YouTube, 24. mars, 2010, <http://www.youtube.com/watch?v=9NdQxEptwvE> (sótt 5. apríl, 2012).

<sup>143</sup> ...I've been married for 54 years now. I think the government should just be out of it. I think it should be done by the church as a private contract and we shouldn't have this argument of who's married and who isn't married. I have my standards but I shouldn't impose my standards on others. Others have their standards and they have no right to impose their marriage standards on me. But if we want to have something to say about marriage, it should be at the state level and not at the federal level. Just get the government out of it. It's one area where it's totally unnecessary, and they've caused more trouble than necessary. – Ron Paul, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *OnTheIssues*, South Carolina, 5. maí, 2011. [http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_SC\\_Ron\\_Paul.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_SC_Ron_Paul.htm) (sótt 7. apríl, 2012).



sömuleiðis haft hin „hefðbundnu fjölskyldugildi“ í hávegum. Í bók sinni, *No Apology* sem kom út árið 2010, fjallar Romney um skoðanir sínar á hjónabandinu:

Í mínum augum og margra annara, stafar andstaða við hjónaböndum samkynhneigðra af þeirri fullvissu að kjöraðstæður til að ala upp barn sé á heimili með móður og föður. Burtséð frá því hvort að andstaða fólks við hjónabandi samkynhneigðra eigi rætur sínar að rekja til trúarlegra skoðana eða félagslegra þátta, hefur hjónabandið verið hornsteinn fjölskyldustofnunarinnar frá upphafi. Hjónaband er ekki bara skondinn félagslegur siður. Það er nauðsynlegt fyrir velferð barnanna okkar og því undirstaða framtíðarstyrkleika þjóðarinnar. Það er kominn tími til að við viðurkennum mikilvægi þess og miðum gjörðir okkar að því að standa vörð um stofnunina sem hlúir að og verndar næstu kynslóð okkar.<sup>144</sup>

Bera þessi orð Romney sterkan keim af þeirri orðræðu sem að hinir félagslegu íhaldsmenn Teboðshreyfingarinnar hafa haldið uppi um hjónabönd samkynhneigðra, það er að standa beri vörð um hina „hefðbundnu“ fjölskyldu og gildi. Á áður nefndri ráðstefnu íhaldsmanna, CPAC, ítrekaði Romney þessa afstöðu sína og benti um leið á þær aðgerðir sem hann stóð fyrir á tíma sínum sem ríkisstjóri í Massachusetts til þess að standa vörð um hið „hefðbundna“ hjónaband.

Þið munið kannski eftir því að á þeim tíma sem ég sat í embætti urðu íhaldssöm gildi okkar fyrir áhlaupi. Minna en ári eftir að ég tók við embætti komst hæstiréttur ríkisins að þeirri óútskýranlegu niðurstöðu að réttindi fyrir hjónabandi samkynhneigðra mætti finna í stjórnarskránni sem John Adams skrifaði. Ég geri ráð fyrir því að sá yrði hissa... ég náði með góðum árangri að banna þörum frá öðrum ríkjum að koma inn í ríkið okkar til að gifta sig og fara síðan heim. Á minni vakt börðumst við af hörku og komum í veg fyrir það að Massachusetts yrði Las Vegas hjónavígslna samkynhneigðra. Þegar ég verð forseti mun ég standa vörð um *The Defense of Marriage Act* og ég mun berjast fyrir breytingum á stjórnarskránni okkar sem skilgreinir hjónaband sem samband á milli karls og konu.<sup>145</sup>

Þarna minnst Romney á lögin um verndun hjónabandsins, eða *The Defense of Marriage Act*, líkt og Sarah Palin gerði í tilvitnun hér að framan. Með þessum orðum sínum virðist Romney

---

<sup>144</sup> “For me and for many others, opposition to same-sex marriage stems from the strong conviction that the ideal setting in which to raise a child is in a home with both a mother and a father. Regardless of whether one’s opposition to same-sex marriage is rooted in religious beliefs or social considerations, the marriage relationship has been the cornerstone of the institution of family since the beginning of time. Marriage is not just a quaint social custom. It is critical for the well-being of our children and therefore fundamental to the future strength of the nation. It’s time for us to recognize its critical role and finally act to preserve it as the institution that nurtures and protects our next generation.” – Mitt Romney, *No Apology: The Case For American Greatness*, (New York: St. Martin’s Press 2010), 269.

<sup>145</sup> “Now, you may recall as well that during my term in office our conservative values also came under attack. Less than a year after I took office, the state’s supreme court inexplicably found a right to same-sex marriage in the constitution written by John Adams. I presume he’d be surprised... I successfully prohibited out-of-state couples from coming to our state to get married and then going home. On my watch we fought hard and prevented Massachusetts from becoming the Las Vegas of gay marriage. When I am president I will defend the Defense of Marriage Act, .. and I will fight for an amendment to our Constitution that defines marriage as a relationship between a man and a woman.” - Mitt Romney, erindi á landsfundi íhaldsmanna, *The Huffington Post*, 2012.

vera að fullvissa flokkssystkini sín um íhaldssama afstöðu sína til hjónabanda samkynhneigðra. Afstaða Romney til hjónabanda samkynhneigðra virðist samræmast ríkjandi orðræðu á meðal félagslegra íhaldsmanna Teboðshreyfingarinnar um að alríkinu beri að standa vörð um hið „hefðbundna hjónaband.“

### 4.3 „Obamacare er glæpur gegn lýðræðinu“ – Heilbrigðisfrumvarp Obama

Líkt og fjallað hefur verið um í köflunum hér að framan eru áhangendur Teboðshreyfingarinnar lítt hrifnir af auknum ríkisafskiptum og skattheimtu. Því gætti mikillar óánægju á meðal þeirra þegar heilbrigðisfrumvarp Obama, „Obamacare“, varð að lögum í upphafi árs 2010. Frumvarpið eykur ríkisafskipti í heilbrigðismálum til muna og felur í mjög stuttu máli, í sér að tryggja þeim 32 milljónum Bandaríkjamanna sem ótryggðir eru heilbrigðisþjónustu.<sup>146</sup> Þegar þetta er skrifað er frumvarpið þó til meðferðar hjá Hæstarétti Bandaríkjanna en dómstóllinn mun skera úr um það hvort að það standist stjórnarskrá landsins. Því er enn óljóst hver örlög frumvarpsins verða. Áhugavert verður að fylgjast með framvindu mála vestanhafs og má telja nokkuð ljóst að málið muni setja svip sinn á komandi forsetakosningar.

Sarah Palin hefur ekki legið á skoðunum sínum þegar kemur að því að ræða hið umdeilda heilbrigðisfrumvarp. Líkt og fjölmargir aðrir repúblíkanar og áhangendur Teboðshreyfingarinnar telur Palin frumvarpið ekki standast stjórnarskrá Bandaríkjanna, það sé alltof kostnaðarsamt, flókið, skerði frelsi fólks og þar fram eftir götunum. Í sjónvarpsþætti á *FOX News* í september árið 2010 sakaði Palin Obama um að hafa logið að bandarísku þjóðinni um innihald frumvarpsins.

Lygar, bölváðar lygar, það er það sem Obamacare snýst í raun um. Nancy Pelosi hafði rétt fyrir sér, hún var hreinskilin þegar hún sagði „Við verðum að hleypa frumvarpinu í gegn til að sjá hvað það hefur að geyma.“ Við skoðum frumvarpið eftir að því hefur verið hleypt í gegn, við sjáum hvað það hefur að geyma og fleiri og fleiri Bandaríkjamenn eru farnir að segja „þetta er ekki það sem við sömdum um, þetta er ekki gott fyrir efnahaginn, þetta er ekki gott fyrir heilbrigðisþjónustu, þetta er ekki gott fyrir lýðræðið.“ Þetta er fullt af lygum.<sup>147</sup>

---

<sup>146</sup> Doctors for Global Health, „Review of U.S. Health Care Law from a Human Rights Perspective,“ <http://www.dghonline.org/content/health-care-reform-us> (sótt 20. apríl, 2012).

<sup>147</sup> „...Lies damned lies, that’s what Obamacare was all about. Nancy Pelosi was right though, she was honest when she said „Gotta pass the bill to find out what’s in it.“ We open up the bill after it’s passed, we see what’s in it and more and more Americans are saying „aah this isn’t what we bargained for, this is not good for the economy, it’s not good for healthcare, it’s not good for democracy. It was full of lies.” – Sarah Palin, viðtal í þættinum *On The Record w. Greta Van Susteren*, *FOX NEWS*, YouTube, september, 2010 <http://www.youtube.com/watch?v=8b9IXT-4pVE> (sótt 10. apríl, 2012).

Þessi yfirlýsing kom í kjölfar blogg færslu Palin á fésbókarsíðu hennar sem bar titilinn *Lies, damned lies – Obamacare 6 months later, it's time to take back the 20*. Í blogg færslunni taldi Palin upp fjölmörg atriði sem hún sagði Obama hafa logið um áður en frumvarpið var samþykkt. Þar lýsti hún því enn fremur yfir að hún hefði hafið herferð undir nafninu „Take back the 20“ með það að markmiði að koma þingmönnum frá völdum sem greitt höfðu atkvæði með frumvarpinu. Sagði Palin nauðsynlegt að senda skýr skilaboð til valdhafa í Washington um að fólk í landinu myndi ekki láta hvað sem er yfir sig ganga og nú væri nóg komið. Þá sagði Palin að Bandaríkjamenn hefðu fengið sig fullsadda af frjálslægri meðferð stjórnvalda á stjórnarskránni og að þau væru að keyra þjóðina „...fram af fjárhagslegu hengiflugi.“ Í blogg færslunni lagði Palin enn fremur ríka áherslu á að ógilda Obamacare og finna aðrar lausnir fyrir ótryggða sjúklinga, á frjálsum markaði, sem leiddu ekki til gjaldþrots þjóðarinnar.<sup>148</sup>

Í nýlegu viðtali viðtali við sjónvarpsstöðina *FOX News* var Palin beðin um að gefa álit sitt á því hvaða áhrif það hefði ef að hæstiréttur landsins kæmist að þeirri niðurstöðu að heilbrigðisfrumvarpið stæðist ekki stjórnarskrána. Palin sagði að slíkt yrði mikill áfellingdómur yfir Obama, sem gæfi sig út fyrir að vera sérfræðingur í túlkun stjórnarskrárinnar. Í sama viðtali sagðist Palin enn fremur viss um það að Mitt Romney myndi eiga fullt í fangi með að svara fyrir afstöðu sína og gjörðir á sviði heilbrigðismála í baráttunni um forsetaembættið.

...Romney mun eiga fullt í fangi hvað þetta varðar, vegna þess að... hann er nú kallaður „faðir Obamacare“ út af Romneycare... Hinsvegar... til þess að gæta honum sanngirni... hefur hans réttlætning á Romneycare snúist um 10. grein stjórnarskrár okkar, sem... segir að ríkin hafi réttindi og að ríkin hafi mikinn sveigjanleika...<sup>149</sup>

Þarna kemur Palin inn á mál sem hefur verið nokkuð áberandi í kapphlaupinu um útnefningu Repúblikanaflokksins en Romney hefur legið undir höggi fyrir að hafa stutt svipað frumvarp og Obamacare í heimaríki sínu Massachusetts þegar hann var þar ríkisstjóri. Nánar verður fjallað um þetta síðar.

Michele Bachmann tekur enn og aftur í svipaðan streng og Palin þegar kemur að heilbrigðisfrumvarpinu. Í viðtali í þættinum *Meet the Press* á sjónvarpsstöðinni *NBC* gekk

---

<sup>148</sup> Sarah Palin, „Lies, Damned Lies – Obamacare 6 months Later; It's Time To Take Back the 20!“ *Facebook*, 23. september, 2010, [https://www.facebook.com/note.php?note\\_id=433315368434](https://www.facebook.com/note.php?note_id=433315368434) (sótt 6. apríl, 2012).

<sup>149</sup> „...Romney will have his hand full with this one, because... he is now kind of dubbed the father of Obamacare with his Romneycare... However... in fairness to him... his justification for Romneycare has been the tenth amendment of our constitution, which... explains that states do have rights and states have great flexibility...” - Sarah Palin, viðtal í þættinum *On The Record w. Greta Van Susteren*, *FOX NEWS*, *Conservatives4Palin*, 26. mars, 2012, <http://conservatives4palin.com/2012/03/governor-palin-talks-to-greta-van-susteren-about-obamacare-and-november.html> (sótt 6. apríl, 2012).

Bachmann meira að segja svo langt að segja Obamacare vera glæp gegn lýðræðinu.<sup>150</sup> Hún hefur ennfremur sagt það gallað, gríðarlega kostnaðarsamt, ekki standast stjórnarskrána og siðferðilega rangt. Á meðan Bachmann var enn í kapphlaupinu um að hreppa útnefningu Repúblikanaflokksins sem forsetaefni hans, sagði hún það verða eitt af sínum fyrstu verkum sem forseti að ógilda Obamacare. Í áður nefndri bók hennar, *Core of Conviction*, fjallar Bachmann um frumvarpið:

Bandaríska þjóðin hefur nú séð að „Obamacare“ er ekki bara léleg heilbrigðisstefna og slæm hagfræði. Ekki nóg með það að það standist ekki stjórnarskrána... burtséð frá öllum göllum þess er „Obamacare“ siðferðilega rangt. Það er, „Obamacare“ er lítilsvirðing við hvetjandi lögmál hinnar bandarísku hefðar um sjálfstæði og einstaklingshyggju. Við getum treyst á hvort annað um hjálp, en það er eitthvað mjög rangt við það að hluti íbúanna – hinn afkastamikli hluti – niðurgreiði fyrir alla hina.<sup>151</sup>

Víkur Bachmann þarna að skattheimtunni sem lögunum fylgir og margir íhaldsmenn hafa lýst andúð sinni á. Við þetta bætir Bachmann og segir að „...ef repúblikanar ætli að nýta sér það tækifæri að bjóða upp á skýra andstæðu við Obama, verður forsetaefni flokksins ekki einungis að skuldbinda sig til að ógilda Obamacare að fullu heldur verði hann líka að leiða orrustuna um ógildinguna.“<sup>152</sup> Þessi orð Bachmann eru dæmi um þau miklu áhrif sem að heilbrigðisfrumvarpið hefur haft og mun hafa á kosningabaráttuna um embætti forseta Bandaríkjanna árið 2012. Bachmann hefur einnig lýst yfir efasemdum sínum um að Mitt Romney sé verðugt forsetaefni Repúblikanaflokksins. Í útvarpsþætti í apríl árið 2010 sagðist hún til að mynda telja heilbrigðisfrumvarp hans í Massachusetts valda sér miklum áhyggjum þar sem það væri að leiða ríkið í gjaldþrot.<sup>153</sup>

Sem forystumaður frjálshyggjuarms Teboðshreyfingarinnar hefur eitt helsta baráttumál Ron Paul verið að minnka umsvif ríkisvaldsins og lækka skatta. Hann hefur því verið ötull talsmaður gegn heilbrigðisfrumvarpi Obama sem gerir hvort tveggja í senn; eykur umsvif alríkisins og skattheimtu. Að sama skapi hefur mikið verið leitað til Paul og hann inntur eftir skoðunum sínum á málinu þar sem hann sjálfur er læknir og hefur starfað sem

---

<sup>150</sup> Michele Bachmann, viðtal í þættinum *Meet The Press*, NBC, 6. mars, 2011, [http://www.msnbc.msn.com/id/41906285/ns/meet\\_the\\_press-transcripts/t/meet-press-transcript-march/#.T5dAWe38oq4](http://www.msnbc.msn.com/id/41906285/ns/meet_the_press-transcripts/t/meet-press-transcript-march/#.T5dAWe38oq4) (sótt 17. apríl, 2012).

<sup>151</sup> “The American people have come to see that Obamacare isn't just bad healthcare policy and bad economics. It isn't just unconstitutional... in addition to all its other flaws, Obamacare is IMMORAL. That is, Obamacare is an affront to the animating principles of the American tradition of self-reliance and individualism. We might rely on one another for help, but there's something deeply wrong when a portion of the population--the productive portion--is subsidizing everyone else.” – Michele Bachmann, *Core of Conviction – My Story*, 179.

<sup>152</sup> “If Republicans wish to take advantage of the opportunity to offer a sharp contrast to Obama, the GOP presidential nominee must not only be committed to ObamaCare's full repeal; in addition, the nominee will have to lead the repeal fight.” – Sama heimild, 170.

<sup>153</sup> Sarah Palin, viðtal í þættinum *Jason Lewis Radio Show*, KTLK-FM, 19. apríl, 2010, <http://www.unz.org/Pub/ThinkProgressTV-2010-00356> (sótt 23. apríl, 2012).

slíkur um áratugaskeið. Paul hefur frá upphafi tekið afstöðu gegn frumvarpinu, enda telur hann það stangast á við stjórnarskrána og skerða mjög frelsi einstaklingsins. Í september árið 2009 flutti Paul til að mynda erindi frammi fyrir fulltrúadeild Bandaríkjaþings þar sem hann setti fram nokkur rök gegn frumvarpinu:

Enginn hefur rétt á heilbrigðisþjónustu. Ef einhver gerir ráð fyrir slíkum rétti, styðja þeir þá hugmynd um að sumir einstaklingar eigi rétt á lífi annara og eignum. Þetta stríðir algjörlega gegn meginreglu frelsisins. Heilbrigðisþjónusta á hendi stjórnvalda getur aðeins orðið að veruleika undir alræðisstjórn sem lætur sér fátt um finnast um réttindi einstaklingsins... Fleiri dalir sem renna í einokun stjórnvalda auka aldrei gæði en útkoman verður alltaf hærri kostnaður og verð... Raunveruleg samkeppni um að veita heilbrigðisþjónustu er það sem þarf, ekki frekar afskipti stjórnvalda.<sup>154</sup>

Þarna bendir Paul á það sjónarmið, sem algengt er á meðal skoðanasystkina hans, að frumvarpið kveði á um að þeir sem hafa eitthvað á milli handanna greiði fyrir heilbrigðisþjónustu þeirra sem minna hafa. Þetta telja margir frjálshyggjumenn innan Teboðshreyfingarinnar óásættanleg skerðing á frelsi og eignarétti einstaklingsins. Í viðtali á sjónvarpsstöðinni *FOX News* í mars árið 2010 fjallaði Paul einnig um frumvarpið. Sagðist hann til dæmis telja rangt að neyða fólk til að veita öðrum tryggingar: „Að skipa fólki fyrir eða þvinga það til að kaupa eitthvað sem það vill ekki eða jafnvel þarf ekki er mjög stórt skref í ranga átt, að mínu mati.“<sup>155</sup> Sagði hann réttara að fólk semdi sjálft við tryggingafélögin. Sagði hann frumvarpið einnig vera gríðarlega kostnaðarsamt og að til þess að fjármagna það þyrfti annað hvort að auka framlög hins opinbera eða tryggingafélögin færu í gjaldþrot.<sup>156</sup> Nýlegra dæmi um andstöðu Paul við heilbrigðisfrumvarpinu voru viðbrögð hans við árlegu ávarpi forseta frammi fyrir Bandaríkjaþingi þann 24. janúar, árið 2011:

Í ræðu þar sem orðagjálfrið var að miklu leyti tileinkað atvinnusköpun, var skrítið að Obama, forseti, skyldi monta sig af frumvarpi sínu sem dregið hefur úr atvinnu; „Obamacare“... Því miður er atvinnustefna Obama forseta sú að halda áfram að leyfa embættismönnum að velja þá sem vinna og tapa, sem er uppskrift að áframhaldandi efnahagslegri stöðnun.<sup>157</sup>

<sup>154</sup> “No one has a right to medical care. If one assumes such a right, it endorses the notion that some individuals have a right to someone else’s life and property. This totally contradicts the principles of liberty. If medical care is provided by government, this can only be achieved by an authoritarian government unconcerned about the rights of the individual... More dollars into any monopoly run by government never increases quality but it always results in higher costs and prices... True competition in the delivery of medical care is what is needed, not more government meddling.” - Ron Paul, „More Government Won’t help,“ erindi flutt frammi fyrir fulltrúadeild Bandaríkjaþings, *Campaign for Liberty*, 23. September, 2009, <http://www.campaignforliberty.com/article.php?view=236> (sótt 7. apríl, 2012).

<sup>155</sup> “...mandating and forcing people to buy something that they don’t want and maybe don’t even need, I think is a major step in the wrong direction.” - Ron Paul, viðtal í þættinum *Freedom Watch With Judge Napolitano*, *FOX NEWS*, YouTube, 24. mars, 2010.

<sup>156</sup> Sama heimild.

<sup>157</sup> “In a speech where much of the rhetoric was devoted to job creation, it was strange that Pres. Obama would brag about his job-destroying national health care plan; ObamaCare... Unfortunately, Pres. Obama's 'job creation'

Í báðum þessum ummælum Paul skín í gegn skoðun hans á því að frumvarpið sé misheppnað í meira lagi og með því sé verið að auka valdsvið alríkisins. Hann telur að sama skapi frumvarpið bæði hafa slæm áhrif á efnahags – og atvinnumál Bandaríkjanna en telur það líka ganga gegn þeirri grundvallarreglu bandarískis samfélags sem snýr að frelsi einstaklingsins.

Nokkuð mikill samhljómur er í skoðunum þremmenninganna um heilbrigðisfrumvarpið og ljóst er að þau eru öll einarðir andstæðingar þess. Öll telja þau það brjóta í bága við stjórnarskrá landsins og lýðræðið auk þess að skerða frelsi einstaklingsins og hafa slæm áhrif á efnahag þjóðarinnar.

#### 4.3.1 „Ef að ég er guðfaðirinn gefur það mér réttinn til að drepa það“ – Romney og Obamacare

Líkt og komið hefur verið inn á hér að framan hefur Mitt Romney mikið verið gagnrýndur af íhaldsmönnum bæði úr röðum repúblikana sem og áhængenda Teboðshreyfingarinnar fyrir hið svokallaða „Romneycare“. Margir telja þetta umdeilda heilbrigðisfrumvarp sem Romney samþykkti þegar hann gegndi embætti ríkisstjóra í Massachusetts vera undanfara „Obamacare“ og hefur hann því stundum verið kallaður „Guðfaðir Obamacare“. <sup>158</sup> Romney segist þó vera mótfallinn heilbrigðisfrumvarpi Obama og telur það sjálfur vera töluvert frábrugðið því frumvarpi er hann samþykkti á sínum tíma í Massachusetts. <sup>159</sup> Í kappræðum í desember árið 2011 lýsti Romney því hvað hann hefði ráðlagt forsetanum hefði hann leitað til sín um álit á heilbrigðisfrumvarpinu:

Herra forseti, þú ert á mjög, mjög rangri leið. Ekki halda áfram þessa leið því að það sem þú ert að gera er að hækka skatta... Áætlun okkar í Massachusetts snýr að þeim 8% fólksins sem höfðu ekki tryggingar. Ekkert breytist fyrir hin 92% sem höfðu tryggingar. Ef ég verð forseti munum við losa okkur við Obamacare og snúa aftur til 10. greinar stjórnarskrárinnar okkar og koma ábyrgðinni á heilbrigðisþjónustu til fólksins í ríkjum. <sup>160</sup>

---

policies amount to little more than continuing to allow government bureaucrats to pick winners and losers, which is a recipe for continued economic stagnation.” – Ron Paul, „Ron Paul Responds To Obama’s State of the Union Speech,“ *Ron Paul*, 24. janúar, 2012, <http://www.ronpaul2012.com/2012/01/25/ron-paul-responds-to-obama’s-state-of-the-union-speech/> (sótt 10. apríl, 2012).

<sup>158</sup> Decker, „The GOP’s 2012 Field,“ *Policy Review* 168 (2011): 25

<sup>159</sup> Mitt Romney, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *OnTheIssues*, Tampa, Florida, 12. September, 2011, [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012) og Mitt Romney, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *On The Issues*. Ames, Iowa, 11. ágúst, 2011, [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012).

<sup>160</sup> “Mr. President, you’re going down a very, very bad path. Do not continue going down that path because what you’re going to do is you’re going to raise taxes... The plan we put in place in Massachusetts deals with the 8% of our people who didn’t have insurance. The 92% of people who did have insurance, nothing changes for them. If I’m President, we’re going to get rid of ObamaCare and return, under our Constitution--the 10th Amendment--the responsibility and care of health care to the people in the states.” – Mitt Romney, kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins, *OnTheIssues*, Iowa, 10. Desember, 2011, [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012).

Líkt og Sarah Palin benti á hefur Romney sagt að ekki sé hægt að bera saman heilbrigðisfrumvarp Massachusetts og Obamacare og vísar iðullega í því sambandi til 10. greinar stjórnarskrárinnar sem kveður á um sjálfsákvörðunarrétt ríkjanna. Í þessum sömu kappræðum í Iowa í desember 2011 impraði Romney einmitt á þessu:

Ef að fólkinu í Massachusetts líkar ekki við áætlunina okkar getur það losað sig við hana. Einstaklingar hafa, samkvæmt 10. greininni rétt á að koma með tillögur að eigin lausnum. Ég er algjörlega ósveigjanlegur í andstöðu minni við „Obamacare.“ Það er 2000 blaðsíðna frumvarp sem yfirtekur heilbrigðisþjónustuna. Það er rangt fyrir heilbrigðisþjónustuna. Það stenst ekki stjórnarskrána.<sup>161</sup>

Sarah Palin og Michele Bachmann hafa báðar lýst yfir áhyggjum sínum vegna aðkomu Romney að Romneycare, en einmitt vegna þess og virðast fleiri andstæðingar Obamacare eiga erfitt með að treysta honum til að berjast gegn því, nái hann kjöri. Romney hefur verið í mikilli vörn hvað þetta varðar og af framangreindu virðist ljóst að Romney reynir allt hvað hann getur til að beina athygli íhaldsmanna að því, að hvaða leyti frumvörpin tvö eru ólík. Þá sérstaklega að því leyti að Romneycare hafi einungis verið ætlað að útvíkka hlutverk einstaks ríkis í heilbrigðisþjónustu en Obamacare útvíkki hlutverk alríkisins í heilbrigðisþjónustu um gjörvöll Bandaríkin. Romney lét þó hafa eftir sér í útvarpsviðtali í mars 2012 að ef hann væri í raun „guðfaðir Obamacare“ hlyti það að gefa honum „réttinn til að drepa það.“<sup>162</sup>

Af framangreindu má sjá að þau Sarah Palin, Michele Bachmann og Ron Paul halda öll uppi orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar um þessi álitamál; þær tala máli félagslegra íhaldsmanna hennar og hann frjálshyggjumannanna. Með því að bera orðræðu þeirra saman við orðræðu Mitt Romney um sömu mál má sjá að hann virðist vera að laga orðræðu sína betur að því sem að áhangendur Teboðshreyfingarinnar telja að forsetaframbjóðandi flokksins þurfi að hafa til að bera. Eins og fjallað var um hefur hann mikið verið gagnrýndur fyrir fyrri gjörðir sínar og ummæli og hefur notað hvert tækifæri til að sannfæra flokkssystkini sín um eindregna andstöðu sína við Obamacare.

---

<sup>161</sup> “If the people of Massachusetts don't like our plan, they can get rid of it. Individuals under the 10th Amendment have the power to craft their own solutions. I'm absolutely adamantly opposed to ObamaCare. It's a 2,000-page bill that takes over health care. It is wrong for health care. It's unconstitutional.” – Sama heimild.

<sup>162</sup> Mitt Romney, viðtal í þættinum *The Hugh Hewitt Show*, *The Huffington Post*, 27. mars, 2012, [http://www.huffingtonpost.com/2012/03/27/mitt-romney-godfather\\_n\\_1382137.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/03/27/mitt-romney-godfather_n_1382137.html) (sótt 10. apríl, 2012).

## 5 Umræður

Eins og kom fram í þriðja kafla hefur Teboðshreyfingin beitt sér ötullega fyrir íhaldssamri túlkun stjórnarskrárinnar, ábyrgri fjármálastefnu, minni umsvifum hins opinbera og hinum „hefðbundnu fjölskyldugildum“. Dæmin um orðræðu á meðal helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar og Mitt Romney um fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og „Obamacare“ gefa færi á að skoða hvort að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina á meðal frambjóðenda Repúblíkanaflokksins. Hér á eftir verður því annarsvegar fjallað um þau ummæli er Mitt Romney hefur látið falla síðustu misseri um þessi málefni og hinsvegar hvort að tengja megi þau við hina hina almennu orðræðu innan Teboðshreyfingarinnar. Í því sambandi verða ummæli þeirra Palin, Bachmann og Paul í kaflanum hér að framan höfð til hliðsjónar.

### 5.1 Telituð orðræða

Líkt og fjallað var um í öðrum kafla er hið bandaríska flokkakerfi jafnan skilgreint sem tveggja flokka kerfi og hafa flokkar demókrata og repúblíkana verið ráðandi á stjórnmalasviðinu í áraraðir. Erfitt hefur reynst fyrir aðra flokka og frambjóðendur að skáka rótgrónu flokkunum tveimur, þó margir hafi vissulega reynt. Líkt og bent var á eru báðir stóru flokkarnir þó nokkuð lausir í reipunum og í sífelldri þróun. Stórviðburðir, eins og til dæmis stríð og kreppur, hafa jafnan haft mikil áhrif á áherslur flokkanna, sem og fylgi þeirra. Leiða má að því líkur að hinn umdeildi stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak og Afganistan, sem og fjármálakrísan sem skall á árið 2008 hafi myndað ákveðið tómarúm í bandarískum stjórnmalum og gert Teboðshreyfingunni kleift að hafa áhrif á bandarísk stjórnmal. Áhangendur Teboðshreyfingarinnar skilreina hana ekki sem eiginlegan stjórnmalaflokk, enda erfitt að koma inn sem nýr flokkur á stjórnmalasvið Bandaríkjanna eins og áður hefur verið bent á. Hreyfingin hefur þess í stað kosið að starfa innan þess stjórnmalaflokks sem næst henni er í afstöðu og reynt þannig að þrýsta á frambjóðendur flokksins til að vinna eftir þeirra sannfæringu. Teboðshreyfingin hefur því starfað sem einskonar *þrýstihópur* innan Repúblíkanaflokksins og beitt sér af hörku fyrir sínum hugðarefnum.

Líkt og kom fram í kaflanum hér að framan hefur Mitt Romney verið gagnrýndur af flokkssysteminum sínum fyrir breytilega afstöðu sína til fóstureyðinga. Af dæmunum sem tekin voru má sjá að Romney hefur brugðist við þessari gagnrýni og reynt að sannfæra hina íhaldssömustu innan Repúblíkanaflokksins um að hann sé í raun fylgjandi lífi, líkt og þau



Palin, Bachmann og Paul, þó að gjörðir hans í gegnum tíðina hafi ekki alltaf rímað við það. Hann segist hafa haft rangt fyrir sér varðandi fóstureyðingar og „skipt um skoðun“ þegar hann áttaði sig á því. Á áðurnefndri ráðstefnu íhaldsmanna rakti Romney svo allar þær gjörðir sínar sem styðja það að hann sé fylgjandi lífi en minntist ekkert á þær gjörðir sínar sem sýna annað. Þá lagði Romney mikla áherslu á það að hann ætlaði að standa vörð um „lífíð“ yrði hann kosinn forseti. Miðað við þau dæmi sem skoðuð voru virðist hann því telja mikilvægt að gera grein fyrir íhaldssömum gildum sínum hvað þetta varðar til þess að ná kjöri. Þannig hefur Romney ítrekað reynt að höfða til íhaldsmanna innan flokksins í þessu máli og má ætla að Teboðshreyfingin, og orðræða henni tengdri, spili þar veigamikið hlutverk. Líkt og kom fram hér að framan hafa talsmenn Teboðshreyfingarinnar talað eindregið gegn fóstureyðingum og lagt mikla áherslu á að vernda líf ófæddra barna í hvívetna. Af þessum dæmum virðist það nokkuð ljóst að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina í ummælum Romney um fóstureyðingar. Hægt er að velta því fyrir sér hvort að Teboðshreyfingin hafi ekki haft eitthvað með það að gera að hann „skipti um skoðun“.

Ummæli Romney um hjónabönd samkynhneigðra eru einnig í ætt við orðræðu innan Teboðshreyfingarinnar. Eins og kom fram hér að framan hefur Romney til að mynda ítrekað sagst vera mótfallinn hjónaböndum samkynhneigðra og telur að standa eigi vörð um þá löggjöf sem verndar hið „hefðbundna“ hjónaband á milli karls og konu. Þessi ummæli eru nauðalík þeim sem þær Sarah Palin og Michele Bachmann hafa látið út úr sér um sama mál, þar sem þær hafa lagt áherslu á að hjónaband skuli vera á milli karls og konu og að nauðsynlegt sé að standa vörð um hina „hefðbundnu“ fjölskyldu. Romney virðist þó hafa verið á þessari skoðun nokkuð lengi þannig að þessi afstaða hans er kannski ekki afsprengi orðræðu talsmanna Teboðshreyfingarinnar, en hann hefur þó séð ástæðu til þess að ítreka íhaldssama afstöðu sína til hjónabanda samkynhneigðra við flokkssystemi sínu. Af þessu má ráða að orðræða Romney um hjónabönd samkynhneigðra rímar vel við þá orðræðu sem talsmenn Teboðshreyfingarinnar hafa haft uppi um málið.

Eitt aðal hitamálið í bandarískum stjórnmálum í dag fjallar um hið umdeilda heilbrigðisfrumvarp Obama. Áhangendur Teboðshreyfingarinnar eru því mjög mótfallnir og er það raunar eitt af þeim málum sem hreyfingin beitir sér hvað mest gegn. Líkt og ítrekað kom fram í kaflanum hér að framan hefur ein helsta gagnrýni íhaldssamra repúblikana og áhangenda Teboðshreyfingarinnar á Mitt Romney snúist um þetta mál, þá aðallega vegna þess heilbrigðisfrumvarps sem Romney samþykkti í ríkisstjóratíð sinn í Massachusetts og þykir minna mjög á „Obamacare“. Eins og áður kom fram benti Sarah Palin á það að Romney myndi eiga fullt í fangi við að sannfæra repúblikana um einlæga andstöðu sína við frumvarpið

þar sem hann væri oft kallaður „guðfaðir“ þess. Af þessum ummælum Palin má ráða að heilbrigðisfrumvarpið er áhængendum Teboðshreyfingarinnar og öðrum íhaldsmönnum ofarlega í huga og ljóst er að þrýst verði á forsetaframbjóðanda flokksins að taka eindregna afstöðu gegn frumvarpinu.

Romney segist vera eindregið á móti frumvarpi Obama og skattheimtunni sem því fylgir. Hann telur að ekki sé hægt að bera saman „Romneycare“ og „Obamacare“; Romneycare hafi verið mun umsvifaminna og aðeins ætlað til „heimabruks“. Hin fleygu ummæli hans, sem nefnd voru hér að framan, um að ef hann væri guðfaðir frumvarpsins gæfi það honum réttinn til að drepa það, eru aðeins eitt dæmi af fjölmörgum þar sem Romney ítrekar andstöðu sína við frumvarp Obama. Hann hefur til að mynda ítrekað sagt Obamacare stangast á við stjórnarskrána og að hann muni gera allt sem í hans valdi standi til að ógilda það. Ummæli Romney um Obamacare eiga augljóslega margt skylt með þeim ummælum sem þau Palin, Bachmann og Paul hafa látið falla um frumvarpið. Ljóst er að Romney leggur mikla áherslu á að koma því til skila hversu mótfallinn hann er Obamacare og að fyrri gjörðir hans breyti engu um það.

Af framangreindri umfjöllun er ljóst að orðræða Romney tengd þessum þremur málaflokkum er *mjög í anda* orðræðu helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar. Þó svo að andstaða repúblikana við fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og aukin umsvif alríkisins sé ekkert nýnæmi, eins og kom fram í öðrum kafla, virðist tilkoma Teboðshreyfingarinnar hafa magnað mikilvægi þessara mála í kosningabaráttu flokksins og frambjóðendur virðast leggja aukna áherslu á að flagga íhaldssömum gildum sínum. Athyglisvert verður að fylgjast með því hvort að Romney muni áfram halda uppi orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar, nú þegar hann er næsta öruggur með útnefninguna, eða „skipta um skoðun“ í annað sinn og reyna þannig að höfða til breiðari hóps kjósenda, færa sig nær miðju og fjær hinum mjög svo íhaldssömu gildum sem einkennt hafa forkosningar Repúblikanaflokksins.

Eftir að repúblikanar töpuðu kosningunni um forsetaembættið árið 2008 átti Repúblikanaflokkurinn við nokkurn vanda að stríða, eins og fjallað var um fyrr í ritgerðinni. Tilkoma Teboðshreyfingarinnar lífgaði talsvert upp á flokkinn og hefur óneitanlega haft mikil áhrif á gengi hans og vinsældir síðan. Þetta sést einna best í velgengi flokksins í þingkosningunum 2010 en Teboðshreyfingin spilaði þar lykilhlutverk. Í kosningunum vann flokkurinn sögulegan sigur og bætti við sig einum 60 sætum í fulltrúadeildinni og náði þar

með meirihluta.<sup>163</sup> Einmitt vegna þessa virðist Teboðshreyfingin hafa ákveðið tangarhald á kjörnum fulltrúum flokksins og raunar flokknum í heild. Áhangendur Teboðshreyfingarinnar hafa til dæmis verið óhræddir við að lýsa því yfir að þeir muni gera allt sem í þeirra valdi standi til að koma þeim repúblikönnum frá völdum í næstu kosningum, sem ekki eru nógu íhaldssamir eða eru á annan hátt þeim ekki að skapi. Dæmi um þetta er til að mynda herferð Söruh Palin, „Take back the 20“, sem nefnd var í kaflanum hér að framan. Það er því kannski ekki að undra að frambjóðendur flokksins reyni hvað þeir geti til að höfða til áhangenda Teboðshreyfingarinnar þar sem hreyfingin nýtur töluverðrar hylli á meðal íhaldsmanna hans.

Ekki má þó gera of mikið úr áhrifum Teboðshreyfingarinnar á flokkinn og komandi forsetakosningar. Þrátt fyrir að tiltölulega margir frambjóðendur hafi talið sig til Teboðshreyfingarinnar eða verið harðir íhaldsmenn, tókst engum þeirra að skáka Mitt Romney í forvali repúblikana fyrir komandi forsetakosningar. Ef til vill telja repúblikanar frambjóðendur Teboðshreyfingarinnar of róttæka, en líkt og bent var á í öðrum kafla vegnar þeim frambjóðendum sem eru „of róttækir“ yfirleitt ekki vel í kosningum í Bandaríkjunum. Hreyfingin hefur þó óneitanlega sett svip sinn á kapphlaupið og, eins og áður segir, virðist frambjóðendur flokksins leggja mikla áherslu á að auglýsa íhaldssemi sína. Þetta kristallast í ræðu Mitt Romney á landsfundi repúblikana í febrúar árið 2012, en þar lagði hann ítrekað áherslu á íhaldssemi sína og virtist þannig vera að fullvissa flokkssystkini sín um að hann væri verðugur útnefningunni.

---

<sup>163</sup> Tom Leonard og David Gardner. „Republican tsunami: Democrats lose control of the House as voters slam Obama with worst losses for 62 years.“ *Mail online*, 3. nóvember 2010. <http://www.dailymail.co.uk/news/article-1326053/MID-TERM-ELECTIONS-2010-Democrats-lose-House-Republican-tsunami.html> (sótt 20. apríl, 2012).

## 6 Lokaorð

Líkt og kom fram í inngangi er markmið þessarar ritgerðar að skoða hvort að orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar megi greina á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins. Til þess að ná þessum markmiðum reyndist nauðsynlegt að afmarka efnið. Í köflunum hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því pólitíska landslagi sem Teboðshreyfingin spratt fram úr, hvernig hún beitir sér og hver hennar helstu stefnumál eru. Þá var sérstök áhersla lögð á að greina orðræðu helstu talsmanna Teboðshreyfingarinnar um fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og „Obamacare“ og hún og borin saman við orðræðu Mitt Romney, sem að öllum líkindum verður forsetaefni Repúblikanaflokksins í forsetakosningunum árið 2012.

Með hliðsjón af dæmunum hér að framan má segja að orðræða frambjóðenda Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar 2012 virðist vera mjög í anda Teboðshreyfingarinnar. Þó svo að mörg af helstu áherslumálum hreyfingarinnar hafi löngum verið áberandi innan flokksins virðist tilkoma hennar hafa magnað mikilvægi þessara mála og kynt undir aukinni íhaldssemi innan flokksins. Þannig virðist væntanlegt forsetaefni flokksins vera mjög undir áhrifum orðræðu Teboðshreyfingarinnar og umhugað um að sanna íhaldssemi sína fyrir flokkssystkinum sínum. Þetta má sjá á þeim dæmum um orðræðu Romney um fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og Obamacare, sem fjallað var um hér að framan.

Þó svo að hér hafi aðeins verið skoðuð orðræða tengd fóstureyðingum, hjónaböndum samkynhneigðra og Obamacare má greina orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins um fleiri mál. Þar ber helst að nefna áherslu frambjóðenda á ábyrga fjármálastefnu, minni skattheimtu, íhaldssemi í túlkun stjórnarskrárinnar, gagnrýni á stjórn Repúblikanaflokksins, innflytjendamál og þar fram eftir götunum. Þá ber einnig að geta þess að slík orðræða hefur ekki aðeins komið fyrir hjá Mitt Romney heldur einnig á meðal annarra frambjóðenda, sem þó ekki tengja sig beint við Teboðshreyfinguna, eins og þeim Rick Santorum og Newt Gingrich.

Efnið sem hér hefur verið til umfjöllunar er vissulega víðfeðmt og erfitt getur verið að átta sig á hversu mikilla áhrifa Teboðshreyfingarinnar gætir í orðræðu frambjóðenda flokksins þar sem enn eru ekki öll kurl komin til grafar. Mun Mitt Romney leiða flokkinn til sigurs í komandi forsetakosningum? Mun hæstiréttur Bandaríkjanna ógilda lögin um Obamacare? Hvernig sem fer er ljóst að framhaldið verður mjög áhugavert.

Eins og fjallað var um í inngangi er mikilvægt að skoða hversu mikil áhrif Teboðshreyfingin er mögulega að hafa á orðræðu innan Repúblikanaflokksins í aðdraganda forsetakosninganna 2012 og þá sérstaklega á orðræðu forsetaframbjóðanda hans. Erfitt getur reynst að skoða tilvik sem þetta, sem ekki enn sér fyrir endann á og eflaust hægt að rannsaka betur þegar fram líða stundir. Hinsvegar er ekki síður mikilvægt að rannsaka Teboðshreyfinguna og reyna að átta sig á áhrifum hennar á stjórn málaumræðuna í dag, á þeim tíma sem hún virðist einmitt hafa mikil áhrif.

Í þessari ritgerð var aðeins leitast við að skoða hvort að greina mætti orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar á meðal frambjóðenda Repúblikanaflokksins, en ekki hvaða eiginlegu áhrif Teboðshreyfingin hefur haft á flokkinn. Í framhaldinu gæti verið áhugavert að skoða hvort að gjörðir þeirra frambjóðenda flokksins sem ná kjöri, sem haldið hafa uppi orðræðu í anda Teboðshreyfingarinnar, einkennist af hugsjónum hennar þegar til kastanna kemur. Er þeim alvara með yfirlýsingum sínum um eindregna íhaldssemi eða eru þeir aðeins á atkvæðaveiðum? Hvernig sem fer má telja nokkuð ljóst að áhangendur Teboðshreyfingarinnar munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda kjörnum fulltrúum sínum við efnið og veita þeim það aðhald sem þeir telja nauðsynlegt.

Hvaða álit sem fólk hefur á Teboðshreyfingunni er ekki hægt að líta framhjá þeim áhrifum sem hún hefur haft á bandarísk stjórn mál síðustu misseri. Repúblikanaflokkurinn virðist hafa gengið í endurnýjun lífdaga, miðað við gott gengi hans í þingkosningunum 2010 og helstu talsmenn hreyfingarinnar hafa verið mjög áberandi í fjölmiðlum vestanhafs. Enn er þó mörgum spurningum ósvarað: Mun Teboðshreyfingin fá ósk sína um ógildingu Obamacare uppfyllta? Mun nýr forseti Bandaríkjamanna ganga erinda Teboðshreyfingarinnar? Hvað framtíðin ber í skauti sér er erfitt að segja til um en Teboðshreyfingin virðist komin til að vera, með það að markmiði að „endurheimta landið“.

## Heimildaskrá

- ABC News. „Tea Party Movement Looks Stalled; Half Like it less as they Hear More.“ *ABC News/Washington Post Poll*, 15. apríl 2012.
- Abramson, Paul R., John H. Adlrich, Phil Paolino og David W. Rohde. „Third-Party and Independent Candidates in American Politics: Wallace, Anderson and Perot.“ *Political Science Quarterly*, 110, nr. 3 (1995): 349-367.
- Bachmann, Michele. *Core of Conviction – My Story*. New York: The Penguin Group, 2011.
- Bachmann, Michele. Kappræður vegna forkosninga Repúblíkanaflokksins. *OnTheIssues*. Ames, Iowa, 11. ágúst, 2011.  
[http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_Straw\\_Poll\\_Michele\\_Bachmann.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_Straw_Poll_Michele_Bachmann.htm) (sótt 8. apríl, 2012).
- Bachmann, Michele. Kappræður vegna forkosninga Repúblíkanaflokksins. *OnTheIssues*. Manchester, New Hampshire, 13. júní, 2011.  
[http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_Anسلم\\_Michele\\_Bachmann.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_Anسلم_Michele_Bachmann.htm) (sótt 9. apríl, 2012).
- Bachmann, Michele. Viðtal í þættinum *Meet The Press*. *NBC*, 6. mars, 2011.  
[http://www.msnbc.msn.com/id/41906285/ns/meet\\_the\\_press-transcripts/t/meet-press-transcript-march/#.T5dAWe38oq4](http://www.msnbc.msn.com/id/41906285/ns/meet_the_press-transcripts/t/meet-press-transcript-march/#.T5dAWe38oq4) (sótt 17. apríl, 2012).
- Brody, David. „Palin Signals Support for Federal Marriage Amendment.“ *CBN News – The Brody File*, 20. október, 2008.  
<http://blogs.cbn.com/thebrodyfile/archive/2008/10/20/palin-signals-support-for-federal-marriage-amendment.aspx> (sótt 8. apríl, 2012).
- CBS News. „The Tea Party Movement: Who They Are.“ *CBS News/The New York Times Poll*, 14. apríl, 2010.
- Clement, Scott. „Tea party support stable, but interest is waning.“ *The Washington Post*, 15. apríl, 2012. [http://www.washingtonpost.com/blogs/behind-the-numbers/post/tea-party-support-stable-but-interest-is-waning/2012/04/14/gIQAPXyKHT\\_blog.html](http://www.washingtonpost.com/blogs/behind-the-numbers/post/tea-party-support-stable-but-interest-is-waning/2012/04/14/gIQAPXyKHT_blog.html) (sótt 20. apríl, 2012).
- CNN. „CNN Poll: Unfavorable view of tea party on the rise.“ *CNN*, 30. mars, 2011.  
<http://politicalticker.blogs.cnn.com/2011/03/30/cnn-poll-unfavorable-view-of-tea-party-on-the-rise/> (sótt 19. apríl, 2012).
- CNN – Opinion Research Corporation. Opinion Research Poll, 30. mars, 2011.
- Conroy, Scott. „Palin Breaks With McCain on Gay Marriage Ban.“ *CBSNEWS*, 20. október, 2008. [http://www.cbsnews.com/8301-502443\\_162-4531945-502443.html](http://www.cbsnews.com/8301-502443_162-4531945-502443.html) (sótt 8. apríl, 2012).
- Decker, Jon. „The GOP’s 2012 Field.“ *Policy Review* 168 (2011): 23-33.

- Democracy Corps. „Special Report on the Tea Party – An Ideological Grass-roots Movement.“ *Democracy Corps*, 19. júlí, 2010.  
<http://www.democracycorps.com/strategy/2010/07/special-report-on-the-tea-party-movement/?section=Analysis> (sótt 19. apríl, 2012).
- Doctors for Global Health. „Review of U.S. Health Care Law from a Human Rights Perspective.“ <http://www.dghonline.org/content/health-care-reform-us> (sótt 20. apríl, 2012).
- Eibach, Richard P. og Lisa K. Libby. „Ideology of the Good Old Days: Exaggerated Perceptions of Moral Decline and Conservative Politics.“ Í *Social and Psychological Bases of Ideology and System Justification*. Ritsjt. John T. Jost, Aaron C. Kay og Hulda Thorisdottir, 402-423. New York: Oxford University Press, 2009.
- Ekins, Emily McClintock. *The Character and Economic Morality of the Tea Party Movement*. Óútgefin ritgerð mastersnema við UCLA háskóla.  
[http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=1902394](http://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=1902394) (sótt 16. apríl, 2012).
- Ertelt, Steven. „New House GOP Bill De-Funds Planned Parenthood Abortion Biz.“ *LifeNews.Com*, 3. október, 2011. <http://www.lifenews.com/2011/10/03/new-house-gop-bill-de-funds-planned-parenthood-abortion-biz/> (sótt 23. apríl, 2012).
- Ertelt, Steven. „Romney Defends His Pro-Life Conversion During GOP Debate.“ *LifeNews.com*, 16. desember, 2011. <http://www.lifenews.com/2011/12/16/romney-defends-his-pro-life-conversion-during-gop-debate/> (sótt 11. apríl, 2012).
- Fenn, Peter. „Tea Party Funding Koch Brothers Emerge From Anonymity.“ *U.S.News*, 2. febrúar, 2011. <http://www.usnews.com/opinion/blogs/Peter-Fenn/2011/02/02/tea-party-funding-koch-brothers-emerge-from-anonymity> (sótt 19. apríl, 2012).
- Friedman, Emily. „Romney Defends Conservative Values, Says Obama has ‘Secular Agenda’.“ *abcNEWS*, 21. febrúar, 2012.  
<http://abcnews.go.com/blogs/politics/2012/02/romney-defends-conservative-values-says-obama-has-secular-agenda/> (sótt 11. apríl, 2012).
- Gallagher, Maggie. „Sarah Palin Denounces Obama’s DOMA Decision.“ *National Review Online*, 1. mars, 2011. <http://www.nationalreview.com/corner/261025/sarah-palin-denounces-obamas-doma-decision-maggie-gallagher> (sótt 7. apríl, 2012).
- Galloway, Angela. „Obama: We’ll transform America.“ *seattlepi.com*, 11. desember 2007.  
<http://www.seattlepi.com/local/article/Obama-We-ll-transform-America-1258474.php>  
(sótt 20. mars 2012).
- Gallup. „Presidential Approval Ratings – Barack Obama.“  
<http://www.gallup.com/poll/116479/barack-obama-presidential-job-approval.aspx#1>  
(sótt 22. apríl, 2012).

- Gallup. „Presidential Approval Ratings – George W. Bush.“  
<http://www.gallup.com/poll/116500/presidential-approval-ratings-george-bush.aspx>  
(sótt 20. apríl, 2012).
- Gerstle, Gary. „The GOP in the Age of Obama.“ *New Labor Forum* 19, nr. 3 (2010): 23-31.
- Grant, Alan. *The American Political Process*. 7. útg. London: Routledge, 2004.
- Haberman, Maggie. „5 takeaways from Tuesday’s primaries.“ *Politico*, 4. apríl, 2012.  
<http://www.politico.com/news/stories/0412/74816.html> (sótt 8. apríl, 2012).
- Holmes, Jack E., Michael J, Engelhardt og Robert E. Elder, Jr. *American Government: Essentials & Perspectives*. New York: McGraw-Hill Inc., 1991.
- Hoppock, Julia. „Obama’s ‘Change’ Slogan Gets a Change“. *ABC News*, 13. september 2008.  
<http://abcnews.go.com/blogs/politics/2008/09/obamas-change-s/> (sótt 26. apríl, 2012).
- Katz, Richard S. *Political Institutions in the United States*. New York: Oxford University Press, 2007.
- Kurtz, Howard. „Sarah Palin to appear regularly on FOX News.“ *The Washington Post*, 12. janúar, 2010. <http://www.washingtonpost.com/wp-dyn/content/article/2010/01/11/AR2010011103736.html?sid=ST2010011103983> (sótt 22. apríl, 2012).
- Leonard, Tom og David Gardner. „Republican tsunami: Democrats lose control of the House as voters slam Obama with worst losses for 62 years.“ *Mail online*, 3. nóvember 2010.  
<http://www.dailymail.co.uk/news/article-1326053/MID-TERM-ELECTIONS-2010-Democrats-lose-House-Republican-tsunami.html> (sótt 20. apríl, 2012).
- MacAskill, Ewen. „Sarah Palin will not run for president in 2012.“ *theguardian*, 6. október, 2012. <http://www.guardian.co.uk/world/2011/oct/06/sarah-palin-not-run-president>  
(sótt 31. mars, 2012).
- Maidment, Richard og Anthony McGrew. *The American Political Process*. 2. útg. London: SAGE Publications Ltd., 1991.
- Murphy, Andrea og Scott DeCarlo. „America’s Largest Private Companies.“ *Forbes*, 16. nóvember 2011. [http://www.forbes.com/lists/2011/21/private-companies-11\\_land.html](http://www.forbes.com/lists/2011/21/private-companies-11_land.html)  
(sótt 22. apríl 2012).
- Navarette Jr., Ruben. „Why Republicans don’t like Mitt Romney.“ *San Fransisco Chronicle*, 11. janúar, 2012. <http://www.sfgate.com/cgi-bin/article.cgi?f=/c/a/2012/01/10/ED2F1MNF5.DTL> (sótt 1. apríl, 2012).
- Newport, Frank. „Tea Party Supporters Overlap Republican Base.“ *Gallup*, 2. júlí 2010.  
<http://www.gallup.com/poll/141098/tea-party-supporters-overlap-republican-base.aspx> (sótt 15. apríl, 2012).



- Nichols, Bill. „Iowa caucus results shake up GOP field: Rick Perry goes to South Carolina, Michele Bachmann goes home.“ *Politico*, 4. janúar 2012.  
<http://www.politico.com/news/stories/0112/71079.html> (sótt 3. apríl, 2012).
- Obama, Barack. „The American Promise.“ *The Huffington Post*. Ræða á landsfundi demókrata (e. Democratic National Convention). Denver, Colorado, 28. ágúst 2008.  
[http://www.huffingtonpost.com/2008/08/28/barack-obama-democratic-c\\_n\\_122224.html](http://www.huffingtonpost.com/2008/08/28/barack-obama-democratic-c_n_122224.html) (sótt 6. mars 2012).
- Palin, Sarah. *Going Rogue: An American Life*. New York: HarperCollins, 2009.
- Palin, Sarah. Inngangsræða á landsfundi íhaldsmanna (e. Conservative Political Action Conference). Washington, DC, 11. febrúar 2012.  
<http://www.youtube.com/watch?v=tXsrajvFGk8> (sótt 13. mars, 2012).
- Palin, Sarah. „Lies, Damned Lies – Obamacare 6 months Later; It’s Time To Take Back the 20!“ *Facebook*, 23. september, 2010.  
[https://www.facebook.com/note.php?note\\_id=433315368434](https://www.facebook.com/note.php?note_id=433315368434) (sótt 6. apríl, 2012).
- Palin, Sarah. Viðtal í þættinum *Jason Lewis Radio Show. KTLK-FM*. 19. apríl, 2010.  
<http://www.unz.org/Pub/ThinkProgressTV-2010-00356> (sótt 23. apríl, 2012).
- Palin, Sarah. Viðtal í þættinum *On The Record w. Greta Van Susteren. FOX NEWS. Conservatives4Palin*, 26. mars, 2012.  
<http://conservatives4palin.com/2012/03/governor-palin-talks-to-greta-van-susteren-about-obamacare-and-november.html> (sótt 6. apríl, 2012).
- Palin, Sarah. Viðtal í þættinum *On The Record w. Greta Van Susteren. FOX NEWS. YouTube*. September, 2010. <http://www.youtube.com/watch?v=8b9IxT-4pVE> (sótt 10. apríl, 2012).
- Paul, Ron. Kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins. *OnTheIssues*. Orlando, Florida, 21. október 2007.  
[http://www.ontheissues.org/2012/Ron\\_Paul\\_Civil\\_Rights.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Ron_Paul_Civil_Rights.htm) (sótt 8. apríl, 2012).
- Paul, Ron. Kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins. *OnTheIssues*. South Carolina, 5. maí, 2011. [http://www.ontheissues.org/Archive/2011\\_SC\\_Ron\\_Paul.htm](http://www.ontheissues.org/Archive/2011_SC_Ron_Paul.htm) (sótt 7. apríl, 2012).
- Paul, Ron. *Liberty Defined: 50 Essential Issues That Affect Our Freedom*. New York: Grand Central Publishing, 2011.
- Paul, Ron. „More Government Won’t help.“ Erindi flutt frammi fyrir fulltrúadeild Bandaríkjaþings. *Campaign for Liberty*, 23. september, 2009.  
<http://www.campaignforliberty.com/article.php?view=236> (sótt 7. apríl, 2012).
- Paul, Ron. „Ron Paul Responds To Obama’s State of the Union Speech.“ *Ron Paul*, 24. janúar, 2012. <http://www.ronpaul2012.com/2012/01/25/ron-paul-responds-to-obama’s-state-of-the-union-speech/> (sótt 10. apríl, 2012).

- Paul, Ron. Viðtal í þættinum *Freedom Watch With Judge Napolitano*. FOX NEWS. YouTube, 24. mars, 2010. <http://www.youtube.com/watch?v=9NdQxEptwvE> (sótt 5. apríl, 2012).
- Pilkington, Ed. „The Tea Party: five to watch.“ *theguardian*, 4. október, 2010. <http://www.guardian.co.uk/world/2010/oct/04/tea-party-five-to-watch> (sótt 23. mars, 2012).
- Planned Parenthood. „Who We Are.“ <http://www.plannedparenthood.org/about-us/who-we-are-4648.htm> (sótt 8. apríl, 2012).
- Prolife Profiles. „Mitt Romney.“ <http://prolifeprofiles.com/mitt-romney-abortion> (sótt 11. apríl, 2012).
- Romney, Mitt. Erindi á landsfundi íhaldsmanna (e. Conservative Political Action Conference). *The Huffington Post*. Washington, DC, 10. febrúar 2012. [http://www.huffingtonpost.com/2012/02/10/mitt-romney-cpac-speech-\\_n\\_1267820.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/02/10/mitt-romney-cpac-speech-_n_1267820.html) (sótt 9. apríl, 2012).
- Romney, Mitt. Kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins. *On The Issues*. Ames, Iowa, 11. ágúst, 2011. [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012).
- Romney, Mitt. Kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins. *OnTheIssues*. Iowa, 10. desember, 2011. [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012).
- Romney, Mitt. Kappræður vegna forkosninga Repúblikanaflokksins. *OnTheIssues*. Tampa, Florida, 12. september, 2011. [http://www.ontheissues.org/2012/Mitt\\_Romney\\_Health\\_Care.htm](http://www.ontheissues.org/2012/Mitt_Romney_Health_Care.htm) (sótt 11. apríl, 2012).
- Romney, Mitt. *No Apology: The Case For American Greatness*. New York: St. Martin's Press (2010).
- Romney, Mitt. Viðtal í þættinum *The Hugh Hewitt Show*. *The Huffington Post*, 27. mars, 2012. [http://www.huffingtonpost.com/2012/03/27/mitt-romney-godfather\\_n\\_1382137.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/03/27/mitt-romney-godfather_n_1382137.html) (sótt 10. apríl, 2012).
- Sanneh, Kelefa. „Party Crasher – Ron Paul's unique brand of libertarianism.“ *The New Yorker*, 27. febrúar, 2012. [http://www.newyorker.com/reporting/2012/02/27/120227fa\\_fact\\_sanneh](http://www.newyorker.com/reporting/2012/02/27/120227fa_fact_sanneh) (sótt 31. mars, 2012).
- Sidoti, Liz. „Sarah Palin Tea Party Convention Speech: Activists Can Hardly Wait.“ *The Huffington Post*, 6. febrúar 2010. [http://www.huffingtonpost.com/2010/02/06/sarah-palin-tea-party-con\\_n\\_452153.html](http://www.huffingtonpost.com/2010/02/06/sarah-palin-tea-party-con_n_452153.html) (sótt 11. mars, 2012).

Silver, Nate. „Poll Shows More Americans Have Unfavorable Views of Tea Party.“ *The New York Times*, 30. mars, 2011. <http://fivethirtyeight.blogs.nytimes.com/2011/03/30/poll-shows-more-americans-have-unfavorable-views-tea-party/#> (sótt 9. mars, 2012).

Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna, 4. júlí, 1776. *The Charters of Freedom*.  
[http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration\\_transcript.html](http://www.archives.gov/exhibits/charters/declaration_transcript.html) (sótt 7. apríl, 2012).

Skocpol, Theda, og Vanessa Williamson. *The Tea Party and the Remaking of Republican Conservatism*. New York: Oxford University Press, 2012.

Stein, Sam. „Rick Santorum Drops Out: GOP Presidential Candidate Suspends 2012 Campaign.“ *The Huffington Post*, 10. apríl, 2012.  
[http://www.huffingtonpost.com/2012/04/10/rick-santorum-drops-out-2012-race\\_n\\_1415372.html](http://www.huffingtonpost.com/2012/04/10/rick-santorum-drops-out-2012-race_n_1415372.html) (sótt 15. apríl, 2012).

TeaParty.org. „What is the Tea Party?“ <http://www.teaparty.org/about.php> (sótt 20. mars, 2012).

Tea Party Patriots. „About Tea Party Patriots.“ <http://www.teapartypatriots.org/about/> (sótt 20. mars, 2012).

The Huffington Post. „Obama: DOMA Unconstitutional, DOJ Should Stop Defining In Court.“ *The Huffington Post*, 23. febrúar, 2011.  
[http://www.huffingtonpost.com/2011/02/23/obama-doma-unconstitutional\\_n\\_827134.html](http://www.huffingtonpost.com/2011/02/23/obama-doma-unconstitutional_n_827134.html) (sótt 6. apríl, 2012).

Tilden, William. „The Psychohistorical Roots of the American “Tea Party” Movement.“ *The Journal of Psychohistory* 38, nr. 3 (2011): 214-222.

Tobak, Steve. „Why most Republicans don't like Romney.“ *CBSNEWS*, 31. mars, 2011.  
[http://www.cbsnews.com/8301-505125\\_162-57333404/why-most-republicans-dont-like-romney/](http://www.cbsnews.com/8301-505125_162-57333404/why-most-republicans-dont-like-romney/) (sótt 1. apríl, 2012).

Vogel, Kenneth P. „Tea party's growing money problem.“ *Politico*, 9. ágúst 2010.  
<http://dyn.politico.com/members/forums/thread.cfm?catid=1&subcatid=70&threadid=4355176> (sótt 16. apríl, 2012).

Walker, Clarence. „“We're losing our country”: Barack Obama, Race & the Tea Party.“ *Daedalus* 140, nr. 1 (2011): 125-130.

Weiner, Rachel. „Michele Bachmann starting tea party caucus.“ *The Washington Post*, 16. júlí, 2010. <http://voices.washingtonpost.com/44/2010/07/michele-bachmann-starting-tea.html> (sótt 11. mars, 2012).

Zernike, Kate. „Secretive Republican Donors Are Planning Ahead.“ *The New York Times*, 19. október, 2010.  
[http://www.nytimes.com/2010/10/20/us/politics/20koch.htm?pagewanted=2&\\_r=1](http://www.nytimes.com/2010/10/20/us/politics/20koch.htm?pagewanted=2&_r=1) (sótt 18. apríl, 2012).